

# Stjórnartíðindi

## 2005 - B-deild - B66-69

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundu skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum <https://urlausnir.is>. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

### Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

### Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundaréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

### Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval ([svavar@kjarrval.is](mailto:svavar@kjarrval.is))

# ***Stjórnartíðindi***

**B 66-69**

**Nr. 514-555**

**2005**

## Efnisyfirlit B 66–69 2005

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðatal
514	27. maí	Reglugerð um (8.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um sáðvöru .....	1129-1130
515	27. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti .....	1131-1132
516	27. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum .....	1133-1135
517	27. maí	Reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum .....	1135-1136
518	27. maí	Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl. ....	1136-1137
519	27. maí	Reglugerð um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka	1137
520	27. maí	Auglýsing um deiliskipulag við Baldurshaga og breytingu á deiliskipulagi í Sandgerðisbót, Akureyri .....	1138
521	31. maí	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 519, 27. maí 2005, um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka .....	1139
522	30. maí	Reglur um úthlutun andvirðis beingreiðslna af 7500 ærgildum á árunum 2005-2007 .....	1139-1146
523	3. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005 .....	1147
524	2. júní	Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík .....	1147-1148
525	3. júní	Auglýsing um deiliskipulag á Akranesi .....	1148
526	25. maí	Reglur fyrir Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir við Háskóla Íslands .....	1149-1151
527	30. maí	Reglur um fjárhagsaðstoð í Dalvíkurbyggð .....	1151-1156
528	27. maí	Reglugerð um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands .....	1156-1158
529	2. júní	Auglýsing um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá .....	1159-1161
530	27. maí	Reglugerð um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2005 .....	1161-1163
531	27. maí	Skipulagsskrá fyrir Tóbiashús, minningarsjóð um Tobias Jaschke .....	1164-1166
532	16. maí	Reglur um breytingu (23) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands .....	1166-1170
533	6. júní	Gjaldskrá fyrir gatnagerðargjald á Seltjarnarnesi .....	1170-1173
534	19. apríl	Auglýsing um niðurfellingu á auglýsingu nr. 96/2005 .....	1173
535	6. júní	Gjaldskrá fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Seltjarnarnesi .....	1174-1175
536	2. júní	Auglýsing um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína .....	1176

# STJÓRNARTÍÐINDI B 66 – 2005

27. maí 2005

1129

Nr. 514

## REGLUGERÐ

### um (8.) breytingu á reglugerð nr. 301/1995 um sáðvöru.

#### 1. gr.

Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2004/55 frá 20. apríl 2004 öðlast hér með gildi hér á landi og birtist í fylgiskjali 1. Eftirfarandi ákvæði breytast í samræmi við tilskipunina:

1. Í stað texta um hávingulsrýgresi í 1. lið, grös, I. hluta I. viðauka í reglugerðinni kemur eftirfarandi texti:  
Hávingulsrýgresi Festuca pratensis spp. x Lolium  
(Blendingar sem koma multiflorum spp.  
fram við víxl tegunda af  
ættkvíslinni *Lolium*  
(x *Festulolium*)
2. Í 2. dálki 1. töflu b. um vottað fræ af belgjurtum og öðrum tegundum í A-lið I. hluta 2. viðauka komi „80“ í stað „85“ í færslunni sem varðar *Vicia faba*.
3. Við athugasemdir í A-lið, I. hluta, 3. viðauka bætist eftirfarandi:  
„7. Þegar um er að ræða í 5. lið x *Festulolium* skal tilgreina nafn tegundanna innan ættkvíslanna *Festuca* og *Lolium*“.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru og til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar nr. 2004/55 sem tekin var inn í III. kafla I. viðauka við EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2004. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.*

E. h. r.  
**Níels Árni Lund.**

*Ingibjörg Ó. Vilhjálmsdóttir.*



**Fylgiskjal.****TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2004/55/EB**

frá 20. apríl 2004

**um breytingu á tilskipun ráðsins 66/401/EBE um markaðssetningu fódurjurtafræja**

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fódurjurtafræja<sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. a í 2. gr. og 21. gr. a,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 66/401/EBE er skrá yfir ættkvíslir og tegundir plantna sem teljast til fódurjurta í skilningi þeirrar tilskipunar. Í þeirri skrá eru blendingar sem koma fram við víxl hávinguls (*Festuca pratensis* Hudson) og ítalsks rýgresis (*Lolium multiflorum* Lam).
- 2) Rýmka skal gildissvið tilskipunar 66/401/EBE þannig að hún nái yfir blendinga *Festuca* spp. og *Lolium* spp.
- 3) Með framangreindri tilskipun er, að teknu tilliti til þeirra skilyrða sem fræ verður að uppfylla, kveðið á um lágmarksspírunarhæfni (% af hreinu fræi) fyrir hestabaunafræ (*Vicia faba* L.).
- 4) Lágmarksspírunarhæfni hestabaunafræs (*Vicia faba* L.), sem næst nú í Bandalaginu, er minni en krafa er gerð um í tilskipun 66/104/EBE.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 66/401/EBE til samræmis við þetta.
- 6) Ráðstafanimar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á tilskipun 66/401/EBE:

1. í stað orðanna í a-lið A-hluta 1. mgr. 2. gr.

„*Festuca pratensis* Hudson x Blendingur sem kemur fram við víxl hávinguls og ítalsks rýgresis (þ.m.t. Westerwold-rýgresi) (x *Festulolium*)“

komi eftirfarandi orð:

„*Festuca* spp. x *Lolium* spp. Blendingar sem koma fram við víxl tegunda af ættkvíslinni *Lolium* (x *Festulolium*)“

2. Ákvæðum II. og IV. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í 2. dálki í töflunni í lið I.2.A í II. viðauka komi „80“ í stað „85“ í færslunni sem varðar *Vicia faba*.

b) Í 4. lið a-liðar og 4. lið c-liðar í I-lið A-liðar í IV. viðauka bætist eftirfarandi málsliður við:

„Þegar um er að ræða x *Festulolium* skal tilgreina nafn tegundanna innan ættkvíslanna *Festuca* og *Lolium*“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórn-sýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 30. september 2004. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunar-töflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. apríl 2004.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

David BYRNE

framkvæmdastjóri.

<sup>(1)</sup> Stjótið. EB 125, 11.7.1966, bls. 2298/66. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 2003/61/EB (Stjótið. EB L 165, 3.7.2003, bls. 23).

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á nautgripa-, svína-, alifugla- og hreindýrakjöti.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum skv. viðaukum III A og VI A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
<b>Tollnúmer:</b> Nautgripkjöt – Vöruliðir 0202 og 0210:		95.000		
0202.3xxx Kjöt af dýrum af nautgripakyni, fryst - Kjöt af dýrum af nautgripakyni, saltað,	01.07.05 - 30.06.06		0	487
<b>Tollnúmer:</b> Þurrkað eða reykt:				
0210.2001 Beinlaust	01.07.05 - 30.06.06		0	297
<b>Tollnúmer:</b> Svínakjöt - vöruliðir 0203 og 0210:		64.000		
0203.29xx Svínakjöt, fryst:	01.07.05 - 30.06.06		0	395
<b>Úr tollnr.:</b> Svínakjöt, saltað, þurrkað eða reykt:				
0210.1200 Slög og sneiðar af þeim, beinlaust	01.07.05 - 30.06.06		0	283
<b>Tollnúmer:</b> 0210.1901 Reykt - beinlaust	01.07.05 - 30.06.06		0	321
<b>Úr tollnr.:</b> 0210.1909 Annars - beinlaust	01.07.05 - 30.06.06		0	321
<b>Úr tollnr.:</b> Kjöt af alifuglum - vöruliður 0207: Af hænsnum af tegundinni <i>Gallus domesticus</i> :		59.000		
0207.1xxx Af hænsnum, fryst	01.07.05 - 30.06.06		0	145
<b>Úr tollnr.:</b> Af kalkúnnum:				
0207.2xxx Af kalkúnnum, fryst	01.07.05 - 30.06.06		0	199
<b>Úr tollnr.:</b> Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum:				
0207.3xxx Af öndum, gæsnum eða perluhænsnum, fryst	01.07.05 - 30.06.06		0	199
<b>Tollnúmer:</b> Annað kjöt, fryst - vöruliður 0208: Hreindýrakjöt				
0208.9007 Beinlaust hreindýrakjöt, fryst	01.07.05 - 30.06.06	ótilgreint	0	459
0208.9008 Hreindýrakjöt með beini, fryst	01.07.05 - 30.06.06	ótilgreint	0	459
<b>Úr tollnr.:</b> 0208.9008 Hreindýrakjöt í heilum og hálfum skrokkum	01.07.05 - 30.06.06	ótilgreint	0	0

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
<i>Tollnúmer:</i>	<i>Annað kjöt og ætir hlutar af dýrum, fryst</i>		6.000		
0208.9001	Dúfur	01.07.05 - 30.06.06		0	254
0208.9002	Fasanar	01.07.05 - 30.06.06		0	254
0208.9004	Dádýr	01.07.05 - 30.06.06		0	254
<i>Úr tollnr.:</i>					
0208.9009	Annars - Lynghænur og strútar, fryst	01.07.05 - 30.06.06		0	254

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði 10. gr. laga nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, ásamt reglugerð nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar. Tilboð skulu ráða úthlutun.

### 5. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

### 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

### 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á unnum kjötvörum.

#### 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðauka III A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tilögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

#### 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu gilda um tollkvóta, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr/kg
<i>Tollnúmer: Kjötvörur úr vörulið 1602:</i>		86.000		
1602.1001 Blönduð matvara meira en 60% af kjöti	01.07.05 - 30.06.06	-	0	82
1602.1009 Meira en 20% til og með 60%	01.07.05 - 30.06.06	-	0	82
1602.2011 Meira en 60% af dýralifur	01.07.05 - 30.06.06	-	0	115
1602.2012 Meira en 20% til og með 60% af dýralifur	01.07.05 - 30.06.06	-	0	115
1602.2019 Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	44
1602.2021 Annað, meira en 60% af dýralifur	01.07.05 - 30.06.06	-	0	115
1602.2022 Annað, meira en 20%, til og með 60%	01.07.05 - 30.06.06	-	0	78
1602.2029 Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	26
1602.3101 Úr kalkúnum meira en 60%	01.07.05 - 30.06.06	-	0	199
1602.3102 Úr kalkúnum meira en 20% til og með 60%	01.07.05 - 30.06.06	-	0	199
1602.3109 Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	115
1602.3201 Úr hænsnum meira en 60%	01.07.05 - 30.06.06	-	0	199
1602.3202 Úr hænsnum meira en 20%, til og með 60%	01.07.05 - 30.06.06	-	0	199
1602.3209 Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	115
1602.3901 Annað meira en 60% úr alifuglum	01.07.05 - 30.06.06	-	0	199
1602.3902 Annað 20% til og með 60% úr alifuglum	01.07.05 - 30.06.06	-	0	199
1602.3909 Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	115
1602.4101 Úr svínum meira en 60%, læri og lærissneiðar	01.07.05 - 30.06.06	-	0	513
1602.4102 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.05 - 30.06.06	-	0	343
1602.4109 Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	115
1602.4201 Meira en 60% af kjöti, bógur og bógsneiðar	01.07.05 - 30.06.06	-	0	412
1602.4202 Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.05 - 30.06.06	-	0	247
1602.4209 Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	83
1602.4901 Annað meira en 60% af kjöti, blöndur	01.07.05 - 30.06.06	-	0	511
1602.4902 Annað meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.05 - 30.06.06	-	0	307
1602.4909 Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	102
1602.5001 Meira en 60% kjöt úr nautgripum	01.07.05 - 30.06.06	-	0	356

	Vara	Tímabil	Vörumagn kg	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
1602.5002	Meira en 20% til og með 60%, úr kjöti	01.07.05 - 30.06.06	-	0	304
1602.5009	Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	102
1602.9011	Úr dilkakjöti meira en 60% af kjöti	01.07.05 - 30.06.06	-	0	442
1602.9012	Meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.05 - 30.06.06	-	0	265
1602.9019	Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	89
1602.9021	Annað, úr öðru kjöti meira en 60%	01.07.05 - 30.06.06	-	0	442
1602.9022	Annað, meira en 20% til og með 60%, af kjöti	01.07.05 - 30.06.06	-	0	265
1602.9029	Annað	01.07.05 - 30.06.06	-	0	89

Tímabil þau sem tilgreind eru miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

### 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framseljanleg.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt séu ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

### 4. gr.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Skulu tilboð ráða úthlutun, þó skal að lágmarki úthluta því magni sem hér greinir miðað við tímabil sem getið er um í 2. gr. í eftirtöldum tollskrárnúmerum sé um það sótt:

1602.10XX	2.600 kg
1602.20XX	2.600 kg
1602.3XXX	16.600 kg
1602.4XXX	13.200 kg
1602.50XX	4.600 kg
1602.90XX	3.400 kg

### 5. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

### 6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65 gr. og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á smjöri og ostum.

## 1. gr.

Fyrir það tímabil sem tilgreint er í 2. gr. úthlutar landbúnaðarráðherra tollkvótum samkvæmt viðaukum III A og IV A við tollalög númer 55/1987 með síðari breytingum, í samræmi við tillögur nefndar skv. 87. gr. laga nr. 99/1993.

## 2. gr.

Ákvæði eftirfarandi töflu a og b gilda um vörumagn, tímabil innflutnings, verð- og magntoll:

<i>Tollnúmer:</i>	<i>Vara</i>	<i>Tímabil</i>	<i>Vörumagn kg</i>	<i>Verðtollur %</i>	<i>Magntollur kr/kg</i>
<b>a)</b>					
0405.xxxx	Smjör og önnur fita	01.07.05 - 30.06.06	53.000	0	196
<b>b)</b>	<i>Ostur og ystingur:</i>		119.000		
0406.1000	Nýr ostur, mysuostur o.fl.	01.07.05 - 30.06.06		0	139
0406.2000	Hvers konar rifinn eða mulinn ostur	01.07.05 - 30.06.06		0	139
0406.3000	Fullunninn ostur, órifinn eða ómulinn	01.07.05 - 30.06.06		0	104
0406.4000	Gráðostur	01.07.05 - 30.06.06		0	160
0406.9000	Annar ostur	01.07.05 - 30.06.06		0	156

Við innflutning á vörum sem falla undir þau tollskrárnúmer þar sem vörumagn er ótilgreint skal gilda sá verð- og/eða magntollur sem tilgreindur er í 1. mgr. yfir tilgreint tímabil.

Tímabil það sem tilgreint er miðast við tollafgreiðslu en ekki við komu flutningsfars til landsins og skal tollafgreiðslu lokið innan tímabils. Hafi vara hlotið bráðabirgðatollafgreiðslu skal þó miða við dagsetningu hennar.

## 3. gr.

Tollkvótum er úthlutað samkvæmt auglýsingu landbúnaðarráðuneytisins þar sem tilgreindir eru skilmálar vegna úthlutunarinnar. Heimilt er að úthluta tollkvótum í einu lagi eða skipta úthlutun niður á gildistíma reglugerðarinnar. Úthlutun er ekki framsejlanleg.

Berist umsóknir um meira magn innflutnings en auglýstum tollkvóta nemur hverju sinni, skal leita tilboða í tollkvóta vörunnar.

Innflutningur verður því aðeins leyfður að uppfyllt sé ákvæði reglugerðar nr. 509/2004, um varnir gegn því að dýrasjúkdómar og sýktar afurðir berist til landsins.

## 4. gr.

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

## 5. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum skv. 82. gr. laga nr. 99/1993. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

## 6. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 65. gr., 65. gr. A og 87. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 2006.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmisdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 934/2004 um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á blómum, trjám o.fl.

## 1. gr.

Við upptalningu í 2. gr. reglugerðarinnar bætist eftirfarandi:

<i>Tollnúmer:</i>	Vara	Tímabil	Vörumagn stk.	Verðtollur %	Magntollur kr./kg
0602.9095	Aðrar pottaplöntur til og með 1 metri á hæð	01.07.05 - 31.12.05	2.500	30	0
0603.1009	Annars (afskorin blóm)	01.07.05 - 31.12.05	125.000	30	0

## 2. gr.

Ný 4. gr. orðist svo:

Heimilt er að endurúthluta tollkvótum hafi handhafi þeirra ekki sótt heimildabréf fyrir 31. ágúst 2005 eða lagt fram fullnægjandi tryggingu fyrir greiðslu tollkvótans, hafi tilboð ráðið úthlutun. Handhafi tollkvóta á þá ekki endurkröfurétt á ríkissjóð.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.

**Guðmundur B. Helgason.**

---

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*

**REGLUGERÐ****um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka.**

## 1. gr.

Frá og með 1. júní 2005, eru allar veiðar á kolmunna bannaðar út af Suðausturlandi á svæði sem markast af línnum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 64° 04'60 N – 12° 52'80 V
2. 64° 21'70 N – 12° 17'30 V
3. 64° 32'30 N – 11° 41'00 V
4. 64° 33'00 N – 11° 30'00 V
5. 64° 10'00 N – 12° 09'00 V
6. 63° 03'60 N – 12° 09'00 V

## 2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

## 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

---

*Þórður Eyþórsson.*



## AUGLÝSING

### um deiliskipulag við Baldurshaga og breytingu á deiliskipulagi í Sandgerðisbót, Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. maí 2005 í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að deiliskipulagi um 5000 m<sup>2</sup> opins svæðis milli Þórunnarstrætis og Mylluklappar, norðan nyrsta hluta Brekkugötu. Skv. tillögunni verður svæðið ein lóð með tveimur 7 hæða húsum með um 40 íbúðum. Aðkoma að þeim verður frá hringtorgi sem kemur þar sem Helgamagrastræti og Brekkugata mætast en núverandi götustubbur norðan lögreglustöðvar leggst af.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 17. maí 2005 í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingu á deiliskipulagi smábátahafnar í Sandgerðisbót. Breytingin felst í því að lóðirnar nr. 24 og 26 við Óseyri eru sameinaðar. Bæjarstjórn hefur lýst því yfir að hún taki að sér að bæta það tjón sem einstakir aðilar kunní að verða fyrir vegna þessarar breytingar.

Ofangreindar skipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

*F.h. Akureyrarbæjar, 27. maí 2005.*

**Ármann Jóhannesson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

# STJÓRNARTÍÐINDI B 67 – 2005

31. maí 2005

1139

Nr. 521

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 519, 27. maí 2005,  
um bann við kolmunnaveiðum vestan Þórsbanka.**

1. gr.

6. tl. 1. gr. breytist og orðist svo: 64°03'60 N - 12°09'00 V.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 31. maí 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

30. maí 2005

Nr. 522

## REGLUR

**um úthlutun andvirðis beingreiðslna  
af 7500 ærgildum á árunum 2005-2007.**

1. gr.

*Markmið o.fl.*

Ríkissjóður greiðir andvirði árlegra beingreiðslna af 7500 ærgildum sem keypt voru samkvæmt ákvæði 2.3 í samningi um framleiðslu sauðfjárafurða dags. 11. mars 2000 í þeim tilgangi að styrkja svæði á landinu sem eru sérstaklega háð sauðfjárrækt og möguleikar á annarri tekjuöflun eru takmarkaðir. Grunnfjárhæð er miðuð við beingreiðslur í desember 2001.

## 2. gr.

*Heildargreiðslur.*

Heimilt er að verja allt að 38,5 milljónum króna á ári 2004-2007 til greiðslna samkvæmt 1. gr. Fjárhæðirnar skulu breytast í samræmi við breytingar á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu í desember 2004, 239 stig.

## 3. gr.

*Sauðfjársvæði.*

Svæði sem eru háð sauðfjárrækt og með takmarkaða möguleika á annarri tekjuöflun samkvæmt 1. gr. hafa verið skilgreind samkvæmt forsendum í viðaukum I-II og eru eftirfarandi sveitarfélög:

- |   |  |
|---|--|
| 1. Umdæmi sýslumannsins í Búðardal.     | c) Öxarfjarðarhreppur.                 |
| a) Saurbæjarhreppur.                    | d) Svalbarðshreppur.                   |
| b) Dalabyggð.                           | e) Þórshafnarhreppur.                  |
| 2. Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði.     | 7. Umdæmi sýslumannsins á Seyðisfirði. |
| a) Súðavíkurhreppur.                    | a) Seyðisfjarðarkaupstaður.            |
| 3. Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði. | b) Skeggjastaðahreppur.                |
| a) Reykhólahreppur.                     | c) Vopnafjarðarhreppur.                |
| b) Vesturbyggð.                         | d) Fljótsdalshreppur.                  |
| 4. Umdæmi sýslumannsins á Hólmavík.     | e) Fellahreppur.                       |
| a) Árneshreppur.                        | f) Borgarfjarðarhreppur.               |
| b) Kaldrananeshreppur.                  | g) Norður-Hérað.                       |
| c) Hólmavíkurhreppur.                   | h) Austur-Hérað.                       |
| d) Bæjarhreppur.                        | 8. Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði.   |
| e) Broddaneshreppur.                    | a) Fjarðabyggð.                        |
| 5. Umdæmi sýslumannsins á Blönduósi.    | b) Mjóafjarðarhreppur.                 |
| a) Húnaþing vestra.                     | c) Fáskrúðsfjarðarhreppur.             |
| b) Áshreppur.                           | d) Austurbyggð.                        |
| c) Skagabyggð.                          | e) Breiðdalshreppur.                   |
| 6. Umdæmi sýslumannsins á Húsavík.      | f) Djúpagvogshreppur.                  |
| a) Tjörneshreppur.                      | 9. Umdæmi sýslumannsins í Vík.         |
| b) Kelduneshreppur.                     | a) Skaftárhreppur.                     |

Þótt mælihlutföll og stigagjöf samkvæmt viðaukum I-II breytist svæðisbundið fyrir sýslu eða sveitarfélag hefur það ekki áhrif á áframhaldandi úthlutun greiðslna á tímabilinu 2004-2007.

## 4. gr.

*Rétthafar greiðslna.*

Rétthafar greiðslna geta verið sauðfjárframleiðendur sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

- áttu 200 ær eða meira samkvæmt forðagæsluskýrslum veturinn 2002-2003,
  - eru búsettir á lögbylí á sauðfjársvæði samkvæmt 3. gr.
- Sauðfjárframleiðendur í Árneshreppi teljast þó uppfylla skilyrði 1. mgr. ef þeir eiga 100 ær eða fleiri.

Sauðfjárframleiðandi getur því aðeins átt rétt til áframhaldandi greiðslna á gildistíma þessara reglna að fjárfjöldi fari ekki niður fyrir 75% af viðmiðunarmarki samkvæmt 1. mgr., 150 ær samkvæmt forðagæsluskýrslum staðfestum af búfjárefirtirlitsmanni og að hann hafi

búsetu á lögbýli samkvæmt 1. mgr. Réttur til greiðslna er bundinn við það lögbýli sem hann stofnaðist á samkvæmt 1. mgr. Ef eigendaskipti verða að lögbýlinu öðlast nýr eigandi rétt til greiðslna enda uppfylli hann önnur skilyrði þessara reglna. Flytji rétthafi á annað lögbýli á sauðfjársvæði samkvæmt 3. gr. getur hann þó flutt með sér rétt til greiðslna enda sé slíkur réttur ekki fyrir á því lögbýli.

Ef sauðfjárframleiðandi selur greiðslumark sauðfjár að hluta eða öllu leyti sem fylgir lögbýli hans fellur niður réttur hans til greiðslna eftir þann tíma.

5. gr.

*Fjárhæðir.*

Fjárhæðir samkvæmt 2. gr. skulu skiptast milli rétthafa á hverjum tíma, sbr. 4. gr. og taka breytingum miðað við breytingar á fjölda rétthafa og vísitölu neysluverðs, sbr. 2. gr.

Sauðfjárframleiðendur í Árneshreppi skulu fá greitt 50% álag á fjárhæð samkvæmt 1. mgr.

6. gr.

*Gjald dagar.*

Fjárhæðir samkvæmt 5. gr. skulu greiddar með einni árlegri greiðslu eigi síðar en 1. júní ár hvert. Ef ágreiningur rís um rétt til greiðslna skulu greiðslur fara fram eigi síðar en 30 dögum eftir að ákvörðun eða úrskurður um rétt til greiðslna liggur fyrir.

7. gr.

*Skráning rétthafa.*

Ákvarðanir um rétthafa greiðslna skulu byggðar á opinberum upplýsingum, m.a. upplýsingum úr forðagæsluskýrslum Bændasamtaka Íslands veturinn 2002-2003, greiðslumarksskrá í vörslu Bændasamtaka Íslands, sbr. lög nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum með síðari breytingum, jarðaskrá landbúnaðarráðuneytisins og þjóðskrá Hagstofu Íslands.

8. gr.

*Tilkynningar.*

Bændasamtök Íslands skulu tilkynna öllum sauðfjárframleiðendum á sauðfjársvæðum samkvæmt 3. gr. um rétt til greiðslna samkvæmt 5. gr. fyrir 15. febrúar hvers árs. Athugasemdir við tilkynningar skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands innan 30 daga frá dagsetningu þeirra. Bændasamtök Íslands skulu hafa svarað öllum athugasemdum um rétt til greiðslna eigi síðar en 15. apríl hvert ár.

Einnig skulu Bændasamtök Íslands kynna fyrir sauðfjárframleiðendum úthlutunarreglur þessar og vekja athygli á rétti þeirra til athugasemda ef þeir telja sig uppfylla skilyrði fyrir framlögum en fá ekki tilkynningu samkvæmt 1. mgr.

9. gr.

*Uppgjör.*

Bændasamtök Íslands annast útreikning, skráningu og uppgjör greiðslna.

10. gr.

*Réttur til greiðslna fellur niður.*

Ef réttur til greiðslna fellur niður skulu Bændasamtök Íslands tilkynna sauðfjárframleiðanda það eigi síðar en 1. júní ár hvert. Athugasemdir skulu hafa borist Bændasamtökum Íslands innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar og skulu Bændasamtök Íslands hafa svarað athugasemdum eigi síðar en 15. ágúst ár hvert.

## 11. gr.

*Kæruheimild.*

Ágreining um rétt til greiðslna samkvæmt reglum þessum er heimilt að kæra til landbúnaðarráðuneytisins.

## 12. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 1084/2004 um sama efni.

Reglur þessar eru settar með fyrirvara um að fjármunir og heimild til greiðslna samkvæmt 1.-2. gr. verði samþykkt af Alþingi í fjárlögum fyrir árin 2005-2007. Ef Alþingi samþykkir ekki að veita fjármunum til greiðslna samkvæmt 1.-2. gr. fellur niður réttur til greiðslna samkvæmt reglum þessum sem falla þá úr gildi um leið. Mun landbúnaðarráðherra þá þegar birta tilkynningu þess efnis í B-deild Stjórnartíðinda.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 30. maí 2005.*

F. h. r.

**Hákon Sigurgrímsson.**

---

*Atili Már Ingólfsson.*

## VIÐAUKI I Skilgreining svæða.

Við skilgreiningu svæða er m.a. byggt á gögnum frá Hagstofu Íslands og er miðað við búsetu 1. október 2001 og staðgreiðslu í þeim mánuði. Landbúnaður er skilgreindur sem deildir 01 og 02 (ÍSAT-95) og sauðfjárrækt er skilgreind sem grein 01221, þ.e. blandaður búskapur telst ekki með. Taldar voru einstakar kennitölur í viðmiðunarmánuði.

Grunngögnin eru upplýsingar frá Hagstofu Íslands um svæðabundna atvinnuskiptingu. Við skilgreiningu svæða voru notaðir eftirfarandi 3 mælikvarðar:

- vægi landbúnaðar á viðkomandi svæði
- hlutfall sauðfjárræktar í landbúnaði
- hlutfall sauðfjárræktar af heild.

Eftirfarandi tafla sýnir stigagjöf einstakra mælikvarða.

<i>Hlutfall landbúnaðar</i>	<i>Stig</i>	<i>Hlutfall sauðfjárræktar af landbúnaði</i>	<i>Stig</i>	<i>Hlutfall sauðfjárræktar af heild</i>	<i>Stig</i>
< 30%	0	< 25%	0	< 25%	0
30 – 39,9%	0,5	25 – 29,9%	0,5	25 – 29,9%	1
40 – 49,9%	0,75	30 – 34,9%	1	30 – 34,9%	2
50 – 59,9%	1	35 – 39,9%	1,5	35 – 39,9%	3
=> 60%	1,25	40 – 44,9%	2	=> 40%	4
		45 – 49,9%	2,5		
		50 – 54,9%	3		
		=> 55%	3,5		

- Miðað er við umdæmi sýslumanna og að meðalskor allra sveitarfélaga í því sé 1,5 eða hærra.
  - Ef meðalskor umdæmisins er => 3,0 teljast öll sveitarfélög innan þess styrkhæf.
  - Ef meðalskor umdæmisins er á bilinu => 1,5 - < 3,0 teljast þau sveitarfélög sem ná skori => 3,0 styrkhæf.

Sú undantekning er gerð að til styrkhæfra svæða teljast jafnframt Súðavíkurreppur og Vesturbyggð. Forsenda þessa er sú að byggðin (utan þéttbýlisstaða) er afar dreifbýl og um er að ræða sérstaklega miklar vegalengdir og erfiðar til þjónustukjarna. Atvinnusókn til þéttbýlisins er því ekki valkostur í sama mæli og annars staðar á landinu.

## VIÐAUKI II

### Stigagjöf einstakra svæða.

Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- fjöldi	Land- búnaður	Sauðfjár- rekt	Landb. % af heild	Sauðfjarr. % af landb.	Sauðfjarrækt % af heild	Stigun 1 hlutfall landb. af heild	Stigun 2 hlutfall sauðfjarr. af landb.	Stigun 3 hlutfall sauðfjarr. af heild	Samtals stig	Skilyroi uppfyllt
<b>Umdæmi sýslumannsins í Keflavík</b>												
2300	Grindavíkurbær	1.251	4	0	0,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2503	Sandgerðisbær	744	3	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2504	Sveitarfélagið Garður	649	1	0	0,2%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2000	Reykjanesbær	5.854	36	0	0,6%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
2506	Vatnsleysustrandarhreppur	422	18	0	4,3%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		8.920	62	0	<b>0,7%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins í Hafnarfirði</b>												
1400	Hafnarfjarðarkaupstaður	10.645	38	2	0,4%	5,3%	0,0%	0	0	0	0	
1300	Garðabær	4.635	18	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
1603	Bessastaðahreppur	910	4	0	0,4%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		16.190	60	2	<b>0,4%</b>	<b>3,3%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins í Kópavogi</b>												
1000	Kópavogsbær	12.993	62	2	0,5%	3,2%	0,0%	0	0	0	0	
		12.993	62	2	<b>0,5%</b>	<b>3,2%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins, lögreglustjórans og tollstjórans í Reykjavík</b>												
0000	Reykjavíkurborg	58.092	266	5	0,5%	1,9%	0,0%	0	0	0	0	
1100	Seltjarnarneskaupstaður	2.504	7	1	0,3%	14,3%	0,0%	0	0	0	0	
1604	Mosfellsbær	3.394	69	1	2,0%	1,4%	0,0%	0	0	0	0	
1606	Kjósarhreppur	78	32	6	41,0%	18,8%	7,7%	0,75	0	0	0,75	
		64.068	374	13	<b>0,6%</b>	<b>3,5%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins á Akranesi</b>												
3000	Akraneskaupstaður	3.065	12	4	0,4%	33,3%	0,1%	0	1	0	1	
		<b>3.065</b>	<b>12</b>	<b>4</b>	<b>0,4%</b>	<b>33,3%</b>	<b>0,1%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins í Borgarnesi</b>												
3501	Hvalfjarðarstrandarhr.	85	18	5	21,2%	27,8%	5,9%	0	0,5	0	0,5	
3502	Skilmannahreppur	74	8	3	10,8%	37,5%	4,1%	0	1,5	0	1,5	
3503	Innri-Akraneshreppur	74	15	3	20,3%	20,0%	4,1%	0	0	0	0	
3504	Leirár- og Melahreppur	65	16	6	24,6%	37,5%	9,2%	0	1,5	0	1,5	
3506	Skorradalshreppur	30	7	2	23,3%	28,6%	6,7%	0	0,5	0	0,5	
3510	Borgarfjarðarsveit	344	106	27	30,8%	25,5%	7,8%	0,5	0,5	0	1	
3601	Hvítársíðahreppur	24	14	6	58,3%	42,9%	25,0%	1	2	1	4	
3609	Borgarbyggð	1.373	127	34	9,2%	26,8%	2,5%	0	0,5	0	0,5	
		<b>2.069</b>	<b>311</b>	<b>86</b>	<b>15,0%</b>	<b>27,7%</b>	<b>4,2%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins í Stykkishólmi</b>												
3701	Kolbeinsstaðahreppur	48	31	10	64,6%	32,3%	20,8%	1,25	1	0	2,25	
3709	Grundarfjarðarbær	524	13	5	2,5%	38,5%	1,0%	0	1,5	0	1,5	
3710	Helgafellssveit	34	11	6	32,4%	54,5%	17,6%	0,5	3	0	3,5	
3711	Stykkishólmsbær	687	5	3	0,7%	60,0%	0,4%	0	3,5	0	3,5	
3713	Eyja- og Miklaholtshr.	62	30	6	48,4%	20,0%	9,7%	0,75	0	0	0,75	
3714	Snæfellsbær	974	25	8	2,6%	32,0%	0,8%	0	1	0	1	
		<b>2.329</b>	<b>115</b>	<b>38</b>	<b>4,9%</b>	<b>33,0%</b>	<b>1,6%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins í Búðardal</b>												
3809	Saurbæjarhreppur	42	22	12	52,4%	54,5%	28,6%	1	3	1	5	
3811	Dalabyggð	359	92	74	25,6%	80,4%	20,6%	0	3,5	0	3,5	
		<b>401</b>	<b>114</b>	<b>86</b>	<b>28,4%</b>	<b>75,4%</b>	<b>21,4%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	Já
<b>Umdæmi sýslumannsins í Bolungarvík</b>												
4100	Bolungarvíkurkaupstaður	596	7	2	1,2%	28,6%	0,3%	0	0,5	0	0,5	
		<b>596</b>	<b>7</b>	<b>2</b>	<b>1,2%</b>	<b>28,6%</b>	<b>0,3%</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	<b>0</b>	<b>0,5</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins á Ísafirði</b>												
4200	Ísafjarðarbær	2.423	63	21	2,6%	33,3%	0,9%	0	1	0	1	
4803	Súðavíkurbær	125	12	5	9,6%	41,7%	4,0%	0	2	0	2	
		<b>2.548</b>	<b>75</b>	<b>26</b>	<b>2,9%</b>	<b>34,7%</b>	<b>1,0%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	Nei
<b>Umdæmi sýslumannsins á Patreksfirði</b>												
4502	Reykjótahreppur	162	38	22	23,5%	57,9%	13,6%	0	3,5	0	3,5	Já
4604	Tálknafjarðarhreppur	210	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
4607	Vesturbyggð	615	32	8	5,2%	25,0%	1,3%	0	0,5	0	0,5	
		<b>987</b>	<b>70</b>	<b>30</b>	<b>7,1%</b>	<b>42,9%</b>	<b>3,0%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	Að hluta

Sveitar- félags nr.	Sveitarfélag	Heildar- fjöldi	Land- búnaður	Sauðfjár- rekt	Landb. % af heild	Sauðfjárr. % af landb.	Sauðfjárrækt % af heild	Stigun 1 hlutfall landb. af heild	Stigun 2 hlutfall sauðfjárr. af landb.	Stigun 3 hlutfall sauðfjárr. af heild	Samtals stig	Skilyrði uppfyllt
<b>Undæmi sýslumannsins á Hólmavík</b>												
4901	Árneshreppur	34	14	14	41,2%	100,0%	41,2%	0,75	3,5	4	8,25	
4902	Kaldrananeshreppur	79	6	5	7,6%	83,3%	6,3%	0	3,5	0	3,5	
4904	Hólmavíkurbhreppur	262	26	25	9,9%	96,2%	9,5%	0	3,5	0	3,5	
4908	Bæjarhreppur	72	25	20	34,7%	80,0%	27,8%	0,5	3,5	1	5	
4909	Broddaneshreppur	44	17	15	38,6%	88,2%	34,1%	0,5	3,5	2	6	
		<b>491</b>	<b>88</b>	<b>79</b>	<b>17,9%</b>	<b>89,8%</b>	<b>16,1%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Undæmi sýslumannsins á Blönduósi</b>												
5508	Húnaþing vestra	680	144	83	21,2%	57,6%	12,2%	0	3,5	0	3,5	Já
5601	Ashreppur	35	16	12	45,7%	75,0%	34,3%	0,75	3,5	2	6,25	Já
5602	Sveinsstaðahreppur	48	22	3	45,8%	13,6%	6,3%	0,75	0	0	0,75	
5603	Torfallækjarhreppur	57	17	7	29,8%	41,2%	12,3%	0	2	0	2	
5604	Blönduósibær	529	24	6	4,5%	25,0%	1,1%	0	0,5	0	0,5	
5605	Svínavatnshreppur	65	29	8	44,6%	27,6%	12,3%	0,75	0,5	0	1,25	
5606	Bólstaðarhlöðahreppur	52	23	8	44,2%	34,8%	15,4%	0,75	1	0	1,75	
5609	Höðahreppur	312	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
5611	Skagabyggð	56	29	14	51,8%	48,3%	25,0%	1	2,5	1	4,5	Já
		<b>1.834</b>	<b>304</b>	<b>141</b>	<b>16,6%</b>	<b>46,4%</b>	<b>7,7%</b>	<b>0</b>	<b>2,5</b>	<b>0</b>	<b>2,5</b>	<b>Að hluta</b>
<b>Undæmi sýslumannsins á Siglufirði</b>												
5000	Siglufjarðarkaupstaður	788	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		<b>788</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Undæmi sýslumannsins á Sauðárkróki</b>												
5200	Sveitart. Skagafljórður	2.290	243	89	10,6%	36,6%	3,9%	0	1,5	0	1,5	
5706	Akrahreppur	106	53	9	50,0%	17,0%	8,5%	1	0	0	1	
		<b>2.396</b>	<b>296</b>	<b>98</b>	<b>12,4%</b>	<b>33,1%</b>	<b>4,1%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Undæmi sýslumannsins á Ólafsfirði</b>												
6200	Ólafsfjarðarbær	528	3	1	0,6%	33,3%	0,2%	0	1	0	1	
		<b>528</b>	<b>3</b>	<b>1</b>	<b>0,6%</b>	<b>33,3%</b>	<b>0,2%</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>0</b>	<b>1</b>	<b>Nei</b>
<b>Undæmi sýslumannsins á Akureyri</b>												
6000	Akureyrarbær	8.304	45	1	0,5%	2,2%	0,0%	0	0	0	0	
6400	Dalvíkurbyggð	986	89	9	9,0%	10,1%	0,9%	0	0	0	0	
6501	Grimseyjarhreppur	55	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6504	Hriseyjarhreppur	104	1	0	1,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6506	Amarneshreppur	103	18	1	17,5%	5,0%	1,0%	0	0	0	0	
6513	Eyjafjarðarsveit	532	167	11	31,4%	6,6%	2,1%	0,5	0	0	0,5	
6514	Hörgárbyggð	228	91	12	39,9%	13,2%	5,3%	0,5	0	0	0,5	
6601	Svalbarðsstrandarhr.	200	29	4	14,5%	13,8%	2,0%	0	0	0	0	
6602	Grýtubakkahreppur	235	36	9	15,3%	25,0%	3,8%	0	0,5	0	0,5	
		<b>10.747</b>	<b>476</b>	<b>47</b>	<b>4,4%</b>	<b>9,9%</b>	<b>0,4%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Undæmi sýslumannsins á Húsavík</b>												
6100	Húsavíkurbær	1.371	30	5	2,2%	16,7%	0,4%	0	0	0	0	
6612	Þingeyjarsveit	408	160	37	39,2%	23,1%	9,1%	0,5	0	0	0,5	
6607	Skútustaðahreppur	240	30	11	12,5%	36,7%	4,6%	0	1,5	0	1,5	
6609	Aðaldælahreppur	156	43	9	27,6%	20,9%	5,8%	0	0	0	0	
6611	Tjörneshreppur	35	15	7	42,9%	46,7%	20,0%	0,75	2,5	0	3,25	Já
6701	Kelduneshreppur	48	17	11	35,4%	64,7%	22,9%	0,5	3,5	0	4	Já
6702	Óvarfjarðahreppur	204	49	43	24,0%	87,8%	21,1%	0	3,5	0	3,5	Já
6705	Raufarhafnarhreppur	168	0	0	0,0%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
6706	Svalbarðshreppur	63	24	22	38,1%	91,7%	34,9%	0,5	3,5	2	6	Já
6707	Þórshafnarhreppur	236	9	8	3,8%	88,9%	3,4%	0	3,5	0	3,5	Já
		<b>2.929</b>	<b>377</b>	<b>153</b>	<b>12,9%</b>	<b>40,6%</b>	<b>5,2%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>Að hluta</b>
<b>Undæmi sýslumannsins á Seyðisfirði</b>												
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður	461	6	2	1,3%	33,3%	0,4%	0	1	0	1	
7501	Skeggiastaðahreppur	89	5	5	5,6%	100,0%	5,6%	0	3,5	0	3,5	
7502	Vopnafjarðarhreppur	425	45	22	10,6%	48,9%	5,2%	0	2,5	0	2,5	
7505	Fjötúsdalshreppur	41	22	16	53,7%	72,7%	39,0%	1	3,5	3	7,5	
7506	Fellahreppur	255	23	12	9,0%	52,2%	4,7%	0	3	0	3	
7509	Borgarfjarðarhreppur	89	12	10	13,5%	83,3%	11,2%	0	3,5	0	3,5	
7512	Norður-Hérað	190	67	54	35,3%	80,6%	28,4%	0,5	3,5	1	5	
7618	Austur-Hérað	1.134	106	24	9,3%	22,6%	2,1%	0	0	0	0	
		<b>2.684</b>	<b>286</b>	<b>145</b>	<b>10,7%</b>	<b>50,7%</b>	<b>5,4%</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>0</b>	<b>3</b>	<b>Já</b>



Sveitarfélag nr.	Sveitarfélag	Heildar- fjöldi	Land- búnaður	Sauðfjár- rekt	Landb. % af heild	Sauðfjarr. % af landb.	Sauðfjarrækt % af heild	Stigun 1 hlutfall landb. af heild	Stigun 2 hlutfall sauðfjarr. af landb.	Stigun 3 hlutfall sauðfjarr. af heild	Samtals stig	Skilyrði uppfyllt
<b>Umdæmi sýslumannsins á Eskifirði</b>												
7300	Fjarðabyggð	1.687	18	7	1,1%	38,9%	0,4%	0	1,5	0	1,5	
7605	Mjóatfjarðarhreppur	17	2	2	11,8%	100,0%	11,8%	0	3,5	0	3,5	
7610	Fáskrúðsfjarðarhreppur	34	12	11	35,3%	91,7%	32,4%	0,5	3,5	2	6	
7619	Austurbyggð	477	6	4	1,3%	66,7%	0,8%	0	3,5	0	3,5	
7613	Breiðdalshreppur	145	24	17	16,6%	70,8%	11,7%	0	3,5	0	3,5	
7617	Djúpavogshreppur	279	32	20	11,5%	62,5%	7,2%	0	3,5	0	3,5	
		<b>2.639</b>	<b>94</b>	<b>61</b>	<b>3,6%</b>	<b>64,9%</b>	<b>2,3%</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>0</b>	<b>3,5</b>	<b>Já</b>
<b>Umdæmi sýslumannsins á Höfn</b>												
7708	Sveitarf. Hornafjörður	1.285	104	45	8,1%	43,3%	3,5%	0	2	0	2	
		<b>1.285</b>	<b>104</b>	<b>45</b>	<b>8,1%</b>	<b>43,3%</b>	<b>3,5%</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>Að hluta</b>
<b>Umdæmi sýslumannsins í Vík</b>												
8508	Myrdalshreppur	288	46	7	16,0%	15,2%	2,4%	0	0	0	0	
8509	Skaftárhreppur	283	98	50	34,6%	51,0%	17,7%	0,5	3	0	3,5	
		<b>571</b>	<b>144</b>	<b>57</b>	<b>25,2%</b>	<b>39,6%</b>	<b>10,0%</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>0</b>	<b>1,5</b>	<b>Að hluta</b>
<b>Umdæmi sýslumannsins á Hvalselli</b>												
8610	Ásahreppur	79	40	4	50,6%	10,0%	5,1%	1	0	0	1	
8613	Rangárþing eystra	859	191	18	22,2%	9,4%	0,0%	0	0	0	0	
8614	Rangárþing ytra	767	191	18	24,9%	9,4%	2,3%	0	0	0	0	
		<b>1.705</b>	<b>422</b>	<b>40</b>	<b>24,8%</b>	<b>9,5%</b>	<b>2,3%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum</b>												
8000	Vestmannaeyjabær	2.538	2	0	0,1%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
		<b>2.538</b>	<b>2</b>	<b>0</b>	<b>0,1%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0,0%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>
<b>Umdæmi sýslumannsins á Selfossi</b>												
8200	Sveitarfélagið Árborg	3.215	40	1	1,2%	2,5%	0,0%	0	0	0	0	
8701	Gaulverjabæjarhreppur	73	38	1	52,1%	2,6%	1,4%	1	0	0	1	
8706	Hraungerðishreppur	88	32	1	36,4%	3,1%	1,1%	0,5	0	0	0,5	
8707	Villingaholtshreppur	91	33	2	36,3%	6,1%	2,2%	0,5	0	0	0,5	
8720	Skeiða- og Gnúpverjahr.	266	103	7	38,7%	6,8%	2,6%	0,5	0	0	0,5	
8710	Hrunamannahreppur	369	150	9	40,7%	6,0%	2,4%	0,75	0	0	0,75	
8721	Blaskógabyggð	461	121	12	26,2%	9,9%	2,6%	0	0	0	0	
8716	Hveragerðisbær	910	59	0	6,5%	0,0%	0,0%	0	0	0	0	
8717	Sveitarfélagið Ólfus	920	37	5	4,0%	13,5%	0,5%	0	0	0	0	
8719	Grimsmes- og Grafningshr.	202	51	16	25,2%	31,4%	7,9%	0	1	0	1	
		<b>6.595</b>	<b>664</b>	<b>54</b>	<b>10,1%</b>	<b>8,1%</b>	<b>0,8%</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>0</b>	<b>Nei</b>

# STJÓRNARTÍÐINDI B 68 – 2005

3. júní 2005

1147

Nr. 523

## REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 669, 12. ágúst 2004,  
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2004/2005.**

1. gr.

Aftan við 1. málslíð 5. mgr. 10. gr. komi nýr málslíður er orðast svo: Þá skal útgerð skips greiða 4.500 kr. hafi komið til skeytasendingar Fiskistofu til útgerðar og skipstjóra samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna, með síðari breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 1. mgr. 14. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 3. júní 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Jón B. Jónasson.*

2. júní 2005

Nr. 524

## AUGLÝSING

**um nýtt deiliskipulag og breytingar á  
deiliskipulagsáætlunum í Reykjavík.**

*Vesturbæjarsundlaug.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti borgarráð Reykjavíkur, þann 27. apríl 2004 deiliskipulag fyrir lóð Vesturbæjarsundlaugar.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kjalarnes – Esjumelar.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög, samþykkti skipulagsráð Reykjavíkur, þann 27. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir Kjalarnes, athafnalóðir við Esjumela.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 2. júní 2005.*

**Helga Bragadóttir.**

**AUGLÝSING****um deiliskipulag á Akranesi.***Breyting á deiliskipulagi Æðarodda, Æðarodda 25.*

Á fundi bæjarstjórnar Akraness sem haldinn var þann 24. maí 2005, var samþykkt deiliskipulagsbreyting í Æðarodda á Akranesi.

Breytingin felst í að byggingarreitur á lóð nr. 25 við Æðarodda er stækkaður um 9 metra í norður.

Framangreind deiliskipulagsbreyting var grenndarkynnt skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 og hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagsbreytingin tekur þegar gildi.

*Akranesi, 3. júní 2005*

F.h. sviðsstjóra tækni- og umhverfissviðs,

**Guðný J. Ólafsdóttir** fulltrúi.

## REGLUR

### fyrir Stofnun Sæmundar fróða um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir við Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Almennt.*

Stofnun um sjálfbæra þróun er rannsókn- og þjónustustofnun sem heyrir undir háskólaráð. Stofnunin er kennd við Sæmund fróða og er vettvangur fyrir þverfræðileg viðfangsefni Háskóla Íslands.

#### 2. gr.

##### *Hlutverk.*

Meginhlutverk stofnunarinnar er að vera vettvangur fyrir þverfræðilegar rannsóknir háskólakennara og sérfræðinga. Stofnunin skal leitast við að efla slíkar rannsóknir og þverfræðilegt nám við Háskóla Íslands, m.a. með samvinnu við deildir og aðrar stofnanir háskólans. Þá skal stofnunin vera samstarfsvettvangur við aðila utan háskólans, svo sem stjórnvöld, sveitarfélög, stofnanir, fyrirtæki, félagasamtök og einstaklinga.

Ennfremur skal stofnunin eftir föngum:

- a. stuðla að hagnýtingu nýjunga á fræðasviðum stofnunarinnar,
  - b. veita kennurum og framhaldsnemum rannsóknaraðstöðu á sviðum stofnunarinnar,
  - c. veita sérfræðiaðstoð, ráðgjöf og annast fræðslustarfsemi, en þessi verkefni eru unnin gegn greiðslu eftir því sem við á,
  - d. taka virkan þátt í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi,
  - e. styrkja tengsl Háskóla Íslands við atvinnu- og þjóðlíf á fræðasviðum stofnunarinnar.
- Auk þess vinnur stofnunin að þeim verkefnum sem rektor og háskólaráð fela henni.

#### 3. gr.

##### *Skipulag.*

Stofnunin skiptist í faglega sjálfstæðar rannsóknastofur, en þær eru:

- 1) Auðlindastofa
- 2) Umhverfisstofa

Háskólaráð ákveður skiptingu í stofur og getur sett þeim starfsreglur. Heimilt er að gera samninga við aðila utan Háskóla Íslands um rekstur einstakra stofa.

#### 4. gr.

##### *Aðstaða.*

Háskóli Íslands lætur stofnuninni í té starfsaðstöðu, húsnæði og búnað, svo sem kostur er og eftir því sem um er samið við samstarfsaðila ef við á. Stofnunin veitir starfslíði sínu aðstöðu og nauðsynlegan búnað til rannsókna eftir því sem unnt er.

## 5. gr.

*Stjórn.*

Háskólaráð skipar stofnuninni fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Tveir stjórnarmanna skulu vera í aðalstarfi utan Háskóla Íslands. Formaður stjórnarinnar er skipaður samkvæmt tilnefningu rektors.

## 6. gr.

*Stjórnarfundir.*

Formaður stjórnar boðar stjórnarfundir bréflaga, eða í tölvupósti, með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Fundarboð skal greina dagskrá fundar. Skyld er að boða stjórnarfund óski tveir eða fleiri stjórnarmenn þess. Sama gildir ef rektor ber fram slíka ósk og hefur þá hann eða sá sem sækir fund í umboði hans, málfrelsi og tillögurétt á fundinum. Falli atkvæði jöfn á stjórnarfundum ræður atkvæði formanns eða þess sem gegnir formannsstörfum. Halda skal gerðabók stjórnar og skulu staðfestar fundargerðir færðar í hana. Afrit fundargerða skulu send rektor.

Framkvæmdastjóri stofnunarinnar situr stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar.

## 7. gr.

*Verkefni stjórnar.*

Stjórn stofnunarinnar fjallar um öll sameiginleg málefni hennar og ber ábyrgð á fjármálum hennar gagnvart rektor og háskólaráði. Stjórnin semur fjárhagsáætlanir og gerir tillögu til rektors um fjárveitingar og skiptingu þeirra, ásamt skiptingu annarra tekna, milli einstakra stofa. Stjórnin sker úr í vafaatriðum sem upp kunna að koma og varða innri starfsemi stofnunarinnar. Stjórninni er heimilt að veita kennurum og sérfræðingum við Háskóla Íslands rannsóknaraðstöðu eftir því sem kostur er.

## 8. gr.

*Starfslið.*

Rektor ræður framkvæmdastjóra stofnunarinnar og forstöðumenn stofa að fenginni tillögu stjórnar. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk.

## 9. gr.

*Framkvæmdastjóri og forstöðumenn stofa.*

Meginverkefni framkvæmdastjóra er að afla stofnuninni tekna. Ennfremur stýrir framkvæmdastjóri daglegum rekstri stofnunarinnar, annast áætlanagerð, fjármál og starfsmannamál og sér að öðru leyti um framkvæmd á þeim málum, sem stjórnin felur honum. Framkvæmdastjóri er í starfi sínu ábyrgur gagnvart stjórn og rektor.

Forstöðumenn stofa skulu að jafnaði vera í starfi kennara eða sérfræðinga við Háskóla Íslands. Hlutverk þeirra er að draga rannsóknaverkefni og samstarfsaðila að viðkomandi stofu. Forstöðumenn stofa bera fjárhagslega ábyrgð á viðkomandi stofu gagnvart framkvæmdastjóra og rektor.

## 10. gr.

*Ársfundur.*

Stjórn stofnunarinnar efnir til ársfundar hennar. Ársfundur er haldinn á haustmánuðum og er vettvangur umræðu um stefnu og starfsemi stofnunarinnar. Ársfundur er öllum opin og skal auglýstur opinberlega bæði innan háskólans og á almennum vettvangi. Stjórnin býður gestum til þátttöku á fundinum. Ársskýrsla stofnunarinnar og fjárhagsáætlun næsta árs skulu liggja frammi á fundinum.

11. gr.  
*Fjármál.*

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Tekjur stofnunarinnar eru eftirfarandi:

- a. fjárveitingar skv. ákvörðun háskólaráðs eða rektors,
- b. fé sem aflað er til starfseminnar með samningum við samstarfsaðila,
- c. styrkir til einstakra verkefna eða starfseminnar í heild,
- d. greiðslur fyrir þjónustustarfsemi,
- e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlag úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Ef um er að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

12. gr.  
*Gildistaka.*

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands, sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Með gildistöku reglna þessara falla úr gildi reglur nr. 823/2001, um Sjávarútvegsstofnun Háskólans og reglur nr. 827/2001, um Umhverfisstofnun Háskólans. Samningsskuldbindingar sem um kann að vera að ræða vegna þessara tveggja stofnana flytjast yfir til Stofnunar um sjálfbæra þróun og þverfræðilegar rannsóknir við Háskóla Íslands.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Á meðan framkvæmdastjóri hefur ekki verið ráðinn að stofnuninni gegnir formaður stjórnar störfum hans, samhliða formannsstörfum, sbr. 9. gr.

*Háskóla Íslands, 25. maí 2005.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

## REGLUR

### um fjárhagsaðstoð í Dalvíkurbyggð.

#### I. KAFLI

#### Réttur til fjárhagsaðstoðar.

1. gr.

Fjárhagsaðstoð skal veitt einstaklingum og fjölskyldum við eftirfarandi aðstæður:

1. Þegar einstaklingar eða fjölskylda hafa ónógar tekjur sér og sínum til lífsviðurværis sbr. 20. gr. og IV. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.
2. Til að koma í veg fyrir að einstaklingur eða fjölskylda komist í þá aðstöðu að geta ekki framfleytt sér og sínum.

3. Sem stuðningur á meðan einstaklingur eða fjölskylda er að vinna sig út úr ákveðnum erfiðleikum, enda ekki í verkahring annarra að veita slíka aðstoð.
4. Þar sem löggjöf mælir fyrir um aðgerðir sem hafa í för með sér fjárútlát, t.d. ákvæði í lögum nr. 58/1992 um vernd barna og ungmenna, svo sem framfærsla og annar kostnaður vegna barns í fóstri (32. gr.) fjárstyrkur til foreldra vegna lögmannaaðstoðar við úrskurðarmál (46. gr.) og kostnaður við ýmis stuðningsúrræði (21. gr.).

Jafnan skal kanna til þrautar möguleika á annarri aðstoð en fjárhagsaðstoð og henni aðeins beitt í eðlilegum tengslum við önnur úrræði félagsmálaráðs, svo sem ráðgjöf og leiðbeiningar.

## II. KAFLI

### Form fjárhagsaðstoðar.

#### 2. gr.

Fjárhagsaðstoð skal veitt sem styrkur eða lán.

Fjárhagsaðstoð skal veitt sem lán ef umækjandi óskar þess eða könnun á aðstæðum hans leiðir í ljós að hann geti risið undir endurgreiðslu síðar.

Heimilt er að taka vexti af lánum þó aldrei hærrí en meðalvexti lánastofnana á hverjum tíma.

Fjárhagsaðstoð, sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga af hálfu umsækjanda, er ætíð endurkræf.

## III. KAFLI

### Umsóknir um fjárhagsaðstoð og undirbúningur mála.

#### 3. gr.

Umsóknir um fjárhagsaðstoð skal leggja fram hjá félagsmálastjóra. Við mat á umsókn um fjárhagsaðstoð skulu ætíð liggja fyrir eftirfarandi gögn:

1. Umsókn á þar til gerðu eyðublaði, undirrituðu af umsækjanda eða talsmanni hans þar sem fram koma m.a. upplýsingar um erindi umsækjanda, fjölskyldustærð, heimilisfang/lögheimili, húsnæðisaðstæður (eign/leiga) og atvinna þeirra sem eru í vinnu.
2. Yfirlit yfir tekjur og gjöld undanfarinn mánuð á þar til gerðu eyðublaði þar sem fram komi:  
Tekjur umsækjanda og maka ásamt bótum og lífeyrissjóðsgreiðslum sem hann og/eða maki eiga rétt á og njóta.  
Helstu útgjöld.  
Eignir.  
Skuldir.
3. Launaseðlar, bótaseðlar og lífeyrisgreiðslur frá undanförunum þremur mánuðum ásamt staðfestu afriti síðasta skattframtals.
4. Rökstudd tillaga félagsmálastjóra/starfsmanns um afgreiðslu málsins, þar sem gerð er grein fyrir forsendum og markmiðum fjárhagsaðstoðar.

#### 4. gr.

Heimilt er að veita skyndiaðstoð í neyðartilfellum án þess að upplýsingar skv. 3. gr. liggi fyrir.

Skyndiaðstoð skal einkum ætluð til að tryggja einstaklingum og fjölskyldum lífsviðurveri.

Ákvörðun um skyndiaðstoð skal endurskoðuð þegar fullnægjandi upplýsingar liggja fyrir.

## IV. KAFLI

**Framfærslukostnaður og mat á fjárförf.**

## 5. gr.

Við ákvörðun á fjárhagsaðstoð skal lágmarksfjárförf viðkomandi lögð til grundvallar.

Lágmarksfjárförf skal að öðru jöfnu metin svo að hún sé mismunur á því sem telst framfærslukostnaður miðað við fjölskyldustærð annars vegar og ráðstöfunarfé fjölskyldunnar hins vegar.

Með framfærslukostnaði er átt við þann lágmarkskostnað, sem ætlað er að einstaklingur eða fjölskylda geti lifað af. Tekið skal tillit til umframútgjalda í hverju einstöku tilviki.

Ævinlega skal hliðsjón höfð af eignum og skuldum umsækjanda.

## 6. gr.

Við útreikning á lágmarksfjárförf skal taka mið af bótum frá Tryggingastofnun ríkisins. Framfærslukostnaður einstaklings á mánuði miðast við hámarkslífeyristekjur frá TR. Með hámarkslífeyri er hér átt við lífeyri, fulla tekjutryggingu ellilífeyrisþega og heimilisuppbót eins og það er ákveðið hverju sinni.

Framfærslukostnaður (fk.) hækkar miðað við fjölskyldustærð eftir því sem hér segir:

Fyrir tveggja manna fjölskyldu	fk. x 1,3
Fyrir þriggja manna fjölskyldu	fk. x 1,6
Fyrir fjögurra manna fjölskyldu	fk. x 1,8
Fyrir fimm manna fjölskyldu	fk. x 2,0
Fyrir sex manna fjölskyldu	fk. x 2,2

og svo framvegis þannig að viðbót vegna fjölskyldumeðlims verði 0,2.

Eftirtaldir þættir falla m.a. undir framfærslukostnað miðað við mánaðargreiðslur og á útreiknaður framfærslukostnaður að standa undir þessum útgjöldum:

- a. Fæði.
- b. Klæði.
- c. Hreinlætis- og snyrtivörur.
- d. Afnotagjald síma og ríkisútvarps.
- e. Lyf og læknishjálp að hámarki sem nemur 50% af heimilisuppbót TR.
- f. Heimilisbúnaður.
- g. Hiti og rafmagn.
- h. Kostnaður af rekstri bifreiðar.
- i. Dagvistarkostnaður fyrir eitt barn.

Húsaleiga miðað við leigutöku sveitarfélags eða annar eðlilegur húsnæðiskostnaður.

Þegar einstaklingur býr á stofnun, eða býr á sambýli eða vistheimili skal með það fara samkvæmt 7. gr. eftir því sem við á.

## 7. gr.

Heimilt er að taka tillit til annarra útgjalda og skal þá að jafnaði tekið mið af lágmarksfjárförf viðkomandi einstaklings eða fjölskyldu undanfarna þrjá mánuði. Þessi kostnaður bætist við framfærslukostnað. Einnig getur verið um að ræða tilvik þar sem útreikningi á lágmarksfjárförf verður ekki beitt.

Þessi útgjöld eru ýmist föst útgjöld eða vegna einstakra atvika svo sem:

- a. Flutningur á búslóð.
- b. Kostnaður vegna fæðingar, fermingar eða jólahalds.
- c. Vistgjöld á sambýlum, áfangastöðum og hliðstæðum stofnunum í 6 vikur eftir að dvöl á meðferðar- og sjúkrastofnunum lýkur.
- d. Styrkur til vistmanna á stofnunum sem hafa verið þar a.m.k. 6 mánuði eða fyrrsjá-



anlegt að dvöl verður löng. Hér er um að ræða styrki til fatakaupa, tannviðgerða og gleraugnakaupa.

- f. Útfarakostnaður, þegar eignir eru ekki til staðar og ættingjar geta ekki séð um greiðslu kostnaðar.
- g. Lán eða styrkur vegna fyrirframgreiðslu húsaleigu með hliðsjón af fjölskyldustærð.
- h. Húsaleigukostnaður sem er umfram leigutöku sveitarfélags fyrir sambærilegt húsnaði, að ákveðnu hámarki. Annar húsnæðiskostnaður í einstökum tilvikum.
- i. Dagvistarkostnaður vegna barns/barna umfram eitt barn.
- j. Meðlagsgreiðslur foreldris sem ekki fer með forsjá barns.

#### 8. gr.

Með ráðstöfunarfé einstaklings eða fjölskyldu er m.a. átt við eftirfarandi tekjur:

- a. Laun umsækjanda og maka að frádregnum opinberum gjöldum og stéttarfélagsgjöldum.
- b. Allar bætur frá Tryggingastofnun ríkisins utan barnaörorku.
- c. Atvinnuleysisbætur.
- d. Barnabætur og barnabótaauka.
- e. Endurgreiðslur vegna ofgreidds skatts.
- f. Barnameðlög.
- g. Greiðslur úr lífeyrissjóðum.
- h. Húsnæðisbætur og vaxtarbætur.

#### 9. gr.

Útreikningur á fjárhagsaðstoð skal sýndur á þar til gerðu yfirlitsblaði þar sem fram komi annars vegar framfærslukostnaður samkvæmt 6. gr. ásamt öðrum gjöldum, ef við á, samanber 7. gr. og hins vegar ráðstöfunarfé einstaklings eða fjölskyldu sbr. 8. gr.

Lágmarksfjárförf ákvarðast af framfærslukostnaði að frádregnu ráðstöfunarfé. Umframfjárförf ákvarðast af kostnaði sbr. 7. gr.

### V. KAFLI

#### Ákvarðanataka um fjárhagsaðstoð.

##### 10. gr.

Ákvörðun um fjárhagsaðstoð taka eftirtaldir aðilar:

1. Félagsmálaráð.
2. Félagsmálastjóri/starfsmaður.

##### 11. gr.

Félagsmálaráð fer með eftirfarandi mál varðandi fjárhagsaðstoð:

1. Mótar stefnu um fjárhagsaðstoð.
2. Setur heildarreglur um afgreiðslu fjárhagsaðstoðar til einstaklinga og fjölskyldna og hefur eftirlit með því að eftir þeim sé farið.
3. Staðfestir fundargerðir starfsmanna sem fjalla um fjárhagsaðstoð, sbr. 10. gr.
4. Tekur afstöðu til tillagna starfsmanns þegar beiðni um fjárhagsaðstoð er umfram staðfestar hámarksupphæðir, þ.e. ef um er að ræða undanþágu frá reglum þessum.
5. Fjallar um ákvarðanir starfsmanns þegar umsækjendur skjóta ákvörðunum til félagsmálaráðs.
6. Félagsmálaráð hefur eftirlit með því að heildarupphæð fjárhagsaðstoðar rúmist innan marka fjárhagsáætlunar miðað við eðlilega dreifingu aðstoðar eftir mánuðum.

## 12. gr.

Starfsmanni/félagsmálastjóra er heimilt að ákvarða fjárhagsaðstoð í eftirfarandi tilvikum:

1. Tímabundna fjárhagsaðstoð samkvæmt útreikningi á lágmarksfjárbörf miðað við framfærslukostnað annars vegar og ráðstöfunarfé hins vegar, sbr. 6. og 10. gr.
2. Skyndiaðstoð í allt að tvær vikur, sbr. 4. gr. Veitt skyndiaðstoð skal koma til frádráttar þegar aðstoð er reiknuð, sbr. 6. gr.
3. Húsnæði og vistun í allt að eina viku þegar um algjört húsnæðisleysi er að ræða, eða barni er hætta búin á heimili.

Allar ákvarðanir starfsmanns/félagsmálastjóra í krafti þessa ákvæðis skulu lagðar fyrir félagsmálaráð til staðfestingar.

## VI. KAFLI

**Greiðsla fjárhagsaðstoðar, frágangur mála og eftirlit.**

## 13. gr.

Félagsmálastjóri gengur frá greiðslum vegna fjárhagsaðstoðar.

Lán kemur því aðeins til útborgunar að gengið hafi verið frá tryggingu í samræmi við samþykktir:

1. Umboð í tryggingabótum þegar það á við.
2. Veðskuldabréf þegar um er að ræða veðhæfa eign.
3. Almennt skuldabréf þegar ekki er um að ræða veðhæfa eign eða tryggingabætur.

Félagsmálastjóri hefur eftirlit með frágangi, tryggingu og innheimtu lána og sér um skjólstæðingabókhald.

## 14. gr.

Kanna ber reikningstöðu umsækjanda gagnvart bæjarsjóði áður en mál eru afgreidd. Að öðru jöfnu skulu ný lán ekki veitt nema staðið hafi verið í skilum vegna eldri lána samkvæmt greiðslufyrirkomulagi eða gerð grein fyrir drætti á greiðslum á fullnægjandi hátt.

Komi í ljós að lántaki er ekki fær um að endurgreiða lán getur félagsmálastjóri eða félagsmálaráð breytt greiðsluskilmálum, og félagsmálaráð breytt því í styrk.

## 15. gr.

Samþykktir um fjárhagsaðstoð skulu ætíð vera tímabundnar og gildistími þeirra miðast við það, sem eðlilegt getur talist hverju sinni. Að jafnaði skulu mál endurmetin á þriggja mánaða fresti.

## VII. KAFLI

**Málsmeðferð.**

## 16. gr.

Úrvinnsla umsókna, öflun gagna og ákvarðanatoka skal unnin í samvinnu og samráði við umsækjanda, eftir því sem unnt er, sbr. XVI. kafla laga um félagslega þjónustu sveitarfélaga.

## 17. gr.

Kynna skal umsækjanda niðurstöðu máls eins fljótt og unnt er. Synjun á fjárhagsaðstoð skal rökstudd og umsækjanda jafnframt bent á rétt sinn til málskots. Sé um skerðingu á réttindum að ræða skal niðurstaða ávallt rökstudd skriflega og tilkynnt með sérstökum tryggilegum hætti.

Málgögn er varða persónulega hagi einstaklinga skulu varðveitt tryggilega þannig að óviðkomandi fái ekki aðgang að þeim.

18. gr.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun starfsmanns til félagsmálaráðs.

Umsækjandi getur skotið ákvörðun félagsmálaráðs til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Um málskot gilda að öðru leyti ákvæði XVII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga.

### **Gildistaka.**

19. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 21. grein laga nr. 40/1991 um félagslega þjónustu sveitarfélaga og samþykktar á fundi bæjarráðs Dalvíkur þann 16. september 1993, að fengnum tillögum frá félagsmálaráði, og samþykktar voru á fundi bæjarstjórnar Dalvíkurbyggðar þann 19. janúar 1999, að fengnum tillögum frá félagsmálaráði, öðlast gildi þegar í stað.

*Dalvík, 30. maí 2005.*

**R. Linda Skúladóttir** félagsmálastjóri.

## **REGLUGERÐ**

### **um takmarkanir á umferð í náttúru Íslands.**

1. gr.

*Markmið.*

Markmið reglugerðar þessarar er að stuðla að náttúruvernd og tryggja að umgengni um náttúruna sé með þeim hætti að ekki hljóttist af náttúruspjöll.

2. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir á landinu öllu hvort sem er á eignarlandi, þjóðlendu eða afrétti.

Heimilt er að setja sérákvæði um takmörkun á umferð á friðlýstum svæðum umfram það sem kveðið er á um í reglugerð þessari.

3. gr.

*Skilgreiningar.*

Merking hugtaka í reglugerð þessari er sem hér segir:

*Björgunarstörf:* Öll störf sem miða að því að bjarga fólki úr háska eða að tryggja almannahæill með því að bjarga mannvirkjum eða öðrum verðmætum vegna náttúruhamfara, eldsvoða eða annarrar vár.

*Landgræðsla:* Hvers konar aðgerðir, í umsjón Landgræðslu ríkisins, sem miða að uppgræðslu og verndun lands þ.m.t. rannsóknir, upplýsingaöflun, sáningar, áburðargjöf, viðhald og uppsetning girðinga.

*Landmælingar:* Söfnun og úrvinnsla nauðsynlegra staðfræðilegra og landfræðilegra upplýsinga er hafa gildi fyrir landmælingar og kortagerð.

*Línulagnir, vegalagnir og lagning annarra veitukerfa:* Lagning og viðhald vega, lína og lagna svo sem raflína, ljósleiðara, hitaveitulagna, vatnslagna eða annarra veitukerfa sem hafa fengið leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum.

*Náttúruminjar:* Náttúruverndarsvæði, lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá.

*Náttúruspjöll:* Spjöll á gróðri, dýralífi, jarðvegi, jarðmyndunum og landslagi hvort sem um varanlegan eða tímabundinn skaða er að ræða. Myndun slóða og hjólfara hvort sem er á grónu landi, þar með töldu mosavöxnu landi, eða ógrónu svo sem melum.

*Náttúruverndarsvæði:* Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúruvætti, önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá. Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

*Rannsóknir:* Lögbundnar rannsóknir og aðrar rannsóknir sem eru í samræmi við leyfi stjórnvalda samkvæmt lögum.

*Torfærutæki:*

- a. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er innan við 400 kg að eigin þyngd.
- b. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga utan vega og er á hjólum og innan við 400 kg að eigin þyngd.
- c. Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til vöruflutninga utan vega, er a.m.k. á fjórum hjólum og innan við 550 kg að eigin þyngd án rafgeyma sé það rafknúið.

*Vegur:* Varanlegur vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er að staðaldri til umferðar.

*Vélknúið ökutæki:* Ökutæki búið aflvél til að knýja það áfram, á hjólum, beltum, völtum, meiðum eða öðru, sem ætlað er til aksturs á landi og eigi rennur á spori.

4. gr.

*Akstur utan vega.*

Bannað er að aka vélknúnum ökutækjum utan vega í náttúru Íslands. Heimilt er þó að aka vélknúnum ökutækjum á jöklum svo og snævi þakinni og frosinni jörð svo fremi að ekki skapist hætta á náttúruspjöllum.

5. gr.

*Akstur utan vega vegna tiltekinna starfa.*

Við akstur vegna starfa við landbúnað er heimilt að aka utan vega á ræktuðu landi. Einnig er heimilt að aka utan vega á landi, utan miðhálandisins, sem sérstaklega er nýtt sem landbúnaðarland ef ekki hljótast af því náttúruspjöll.

Heimilt er ef nauðsyn krefur að aka vélknúnum ökutækjum utan vega vegna starfa við landgræðslu og heftingu landbrots, línulagnir, vegalagnir og lagningu annarra veitukerfa, björgunarstörf, rannsóknir, landmælingar og landbúnað enda sé ekki unnt að framkvæma viðkomandi störf á annan hátt. Sérstök aðgát skal viðhöfð við aksturinn til að draga úr hættu á náttúruspjöllum. Hafa skal fullnægjandi útbúnað til slíks aksturs. Við framangreindar athafnir skal leita leiða til að flytja efni og annað sem til þarf á þann hátt að ekki sé þörf á akstri utan vega.

6. gr.

*Akstur á torfærutækjum.*

Heimilt er að aka torfærutækjum á svæðum sem samþykkt hafa verið fyrir akstursípróttir samkvæmt reglugerð um akstursípróttir og aksturskeppni, nr. 257/2000.

## 7. gr.

*Umferð ríðandi manna og rekstur hrossa.*

Þegar farið er ríðandi um landið skal fylgt skipulögðum reiðstígum eins og kostur er. Á ferð um hálendi og önnur lítt gróin svæði skulu menn hafa tiltækt nægilegt aðflutt fóður fyrir hross sín.

Heimilt er, að fengnu leyfi eiganda eða réttihafa eignarlands þegar við á, að slá upp aðhöldum eða næturhólfum, enda valdi það ekki náttúruspjöllum. Á hálendi skal þeim valinn staður á ógrónu landi sé þess kostur.

Þar sem svo háttar til skal haft samráð við landverði eða umsjónaraðila á staðnum um leiðarval og áningarstaði þegar farið er um eða dvalist á náttúruverndarsvæðum.

Þegar farið er eftir gömlum þjóðleiðum þar sem þær eru markaðar í landið skal eigi teyma fleiri hross en svo að þau rúmist innan slóðar, ellegar reka hross þannig að þau lesti sig. Bannað er að reka hrossastóð yfir gróið land þannig að náttúruspjöll hljótist af eða hætta skapist á náttúruspjöllum.

## 8. gr.

*Umferð hjólandi manna.*

Þegar farið er á reiðhjólum um landið skal fylgja vegum og skipulögðum reiðhjólástígum eins og kostur er svo ekki hljótist af náttúruspjöll.

## 9. gr.

*Takmörkun umferðar og lokun svæða.*

Umhverfisstofnun getur í verndarskyni takmarkað umferð tímabundið eða lokað svæðum í óbyggðum enda hafi stofnunin að jafnaði gert grein fyrir fyrirhugaðri lokun í skýrslu til umhverfisráðherra um úttekt á ástandi svæða í óbyggðum. Slíkar ákvarðanir skal umhverfisráðherra staðfesta og birta í Stjórnartíðindum.

## 10. gr.

*Eftirlit.*

Umhverfisstofnun hefur eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.

## 11. gr.

*Viðurlög.*

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

## 12. gr.

*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16., 17., 19. og 32. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð um akstur í óbyggðum, nr. 619/1998.

*Umhverfisráðuneytinu, 27. maí 2005.*

**Sigríður A. Þórðardóttir.**

*Magnús Jóhannesson.*

## AUGLÝSING

**um lista yfir viðurkennd ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, afurðir vatna- og eldisfiska frá.**

### 1. gr.

Aðeins er heimilt að flytja inn sjávarafurðir frá viðurkenndum ríkjum, sbr. 2. til 6. gr.

### 2. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5. og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem eru á skrá Fiskistofu yfir viðurkennda aðila.

Albanía	Gambía	Kasakstan	Nýja Kaledónía	Srí Lanka
Alsír	Gana	Kína	Nýja Sjáland	Suður Afríka
Antígva og Barbúda	Gínea Conakry	Kólumbía	Óman	Suður Kórea
Argentína	Grænhöfðaeyjar	Kostaríka	Pakistan	Súrínám
Ástralía	Grænland	Króatía	Panama	Sviss
Bahamaeyjar	Grenada	Kúba	Papúa	Taífland
Bangladess	Gvæjana	Madagaskar	Perú	Taívan
Belís	Gvatemala	Malasía	Rúmenía	Tansanía
Brasilía	Hollensku Antillur	Maldíveyjar	Rússland	Túnis
Búlgaríá	Hondúras	Máritanía	Sádi-Arabía	Tyrkland
Egyptaland	Hong Kong	Máritíus	Sameinuðu arabísku	Úganda
Ekvador	Indland	Marokkó	Sankti Pierre og Miquelon	Úrúgvæ
El Salvador	Indónesía	Mayotte	Senegal	Venesúela
Falklandseyjar	Íran	Mexíkó	Serbía og Svartfjallaland – Heimildin nær ekki til innflutnings frá Kósovó	Víetnam
Fílabæisströndin	Jamaíka	Mósambík	Seychelleseyjar	
Filippseyjar	Japan	Namibía	Síle (Chile)	
Franska Pólinesía	Jemen	Nígíría	Simbabve	
Gabon	Kanada	Nikaragúa	Singapúr	

### 3. gr.

Heimilt er að flytja inn sjávarafurðir, aðrar en þær sem tilgreindar eru í 4., 5., og 6. gr. frá neðangreindum ríkjum. Innflutningur er aðeins heimill frá þeim framleiðendum og vinnsluskipum sem hafa fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum, sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Angóla	Bandaríkin	Fídjieyjar	Kamerún	Salómonseyjar
Armenía - Aðeins heimild til innflutnings á lifandi vatnakrabba.	Benín	Hvíta-Rússland	Kongó - Aðeins heimill innflutningur sjávarafurða sem eru veiddar, frystar og pakkað í endanlegar umbúðir á vinnsluskípi.	Sankti Helena
Aserbaídsjan - Aðeins heimill innflutningur á kavíar.	Erítrea	Ísrael	Mjanmar (Burma)	Tógó

## 4. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá viðurkenndum svæðum og starfsstöðvum sem eru á skrá Fiskistofu þar um.

Ástralía	Suður Kórea
Jamaíka - Aðeins heimilt að flytja inn sæsnigla.	Taíland
Japan	Túnis
Marokkó	Tyrkland
Perú	Úrúgvæ
Síle (Chile)	Víetnam

## 5. gr.

Heimilt er að flytja inn samlokur, skrápýr, möttuldýr og sæsnigla frá eftirtöldum ríkjum enda komi sendingin frá svæði og starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki. Skulu allar sendingar frá ríkjunum sæta eftirliti á landamærastöðvum sbr. reglugerð nr. 849, 14. desember 1999, um eftirlit með innflutningi sjávarafurða, með síðari breytingum.

Bandaríkin
Grænland
Kanada
Nýja Sjáland

## 6. gr.

Heimilt er að flytja inn fiskimjöl og mjöl unnið úr öðrum sjávardýrum, að undanskildum sjávarspendýrum, sem ætlað er til dýraeldis frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr., enda komi mjölið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

Heimilt er að flytja inn lýsi frá þeim ríkjum sem greind eru í 2. og 3. gr. enda komi lýsið frá skráðri starfsstöð sem hefur fengið viðurkenningu lögbærra yfirvalda í viðkomandi ríki.

## 7. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 22. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og tekur þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 490 frá 3. júlí 2003, um lista yfir viðurkennd ríki sem heimilt er að flytja inn sjávarafurðir frá.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júní 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2005.

## 1. gr.

Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2005.

Allar kolmunnaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

## 2. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður-og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05,90 N – 20°30,00 V  | 11. 63°33,60 N – 14°41,70 V |
| 2. 63°11,40 N – 19°07,30 V  | 12. 63°43,40 N – 13°53,00 V |
| 3. 63°07,50 N – 18°38,00 V  | 13. 64°00,00 N – 13°07,00 V |
| 4. 63°09,00 N – 18°27,00 V  | 14. 64°21,70 N – 12°17,30 V |
| 5. 63°07,00 N – 18°02,00 V  | 15. 64°32,30 N – 11°41,00 V |
| 6. 63°12,50 N – 17°00,00 V  | 16. 65°00,00 N – 11°28,00 V |
| 7. 63°20,00 N – 16°03,00 V  | 17. 65°27,00 N – 11°24,00 V |
| 8. 63°22,50 N – 15°51,00 V  | 18. 66°06,00 N – 11°33,00 V |
| 9. 63°26,00 N – 15°29,00 V  | 19. 66°42,00 N – 12°50,00 V |
| 10. 63°30,70 N – 15°00,00 V |                             |

og þaðan í rv. 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

## 3. gr.

Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar þar sem fram komi veiðisvæði, veiðitími og aflí í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánadámót eða eftir að veiðum lýkur.



Veiðarfæri, sem ætluð eru til annara veiða en kolmunnaveiða, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

#### 4. gr.

Aðeins er þeim færeyskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu innan íslenskrar lögsögu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn færeysku Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

#### 5. gr.

Tilkynna skal Landhelgisgæslunni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara.

Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (entry report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

#### 6. gr.

Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 06.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Landhelgisgæslunni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (catch report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða aflí frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða, sundurliðaður eftir tegundum.

#### 7. gr.

Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Landhelgisgæslunni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „lokutilkynning“ (exit report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Aflí síðan síðasta aflatilkynning var send, sundurliðaður eftir tegundum.

#### 8. gr.

Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Landhelgisgæslunni tilkynningu um það með minnst 6 klukkustunda fyrirvara og mest 12 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „athugunartilkygning“ (control report).

Nafn skips.

Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkygning er send.

Heildaraflí um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkygna það Landhelgisgæslunni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr.

#### 9. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 5. gr. og 1. mgr. 8. gr. er Eftirlitsstöðinni heimilt að ákveða önnur tímamörk en þar greinir þegar skip siglir inn í íslenska lögsögu og þegar það yfirgefur lögsöguna.

#### 10. gr.

Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrir mælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

#### 11. gr.

Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

#### 12. gr.

Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

#### 13. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála.

#### 14. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 172, 2. febrúar 2005 um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2005.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.  
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Tóbiashús, minningarsjóð um Tobias Jaschke.

1. gr.

*Stofnaðild o.fl.*

Tobiashús er minningarsjóður um Tobias Jaschke, sem fæddist þann 30. september 1978, á eyjunni Reichenau, Bodensvatni, Þýskalandi. Tobias fórst í flugslysi þann 10. ágúst 1998 við Höfn í Hornafirði.

Tobiashús, minningarsjóður um Tobias Jaschke, í skipulagsskrá þessari nefndur sjóðurinn, er stofnaður af Angelika Jaschke, móður Tóbíasar, fd. 10. október 1952, sem búsett er að Mullenstrasse 24, D-58454 Witten, Þýskalandi, Irmgard Sodenkamp, fd. 8. febrúar 1947, sem búsett er að Mullenstrasse 24, D-5854 Witten, Þýskalandi, Atie Bakker, kt. 130664-7099, Skaftholti, 801 Selfossi, Guðjóni T. Árnasyni, kt. 191158-7419, Seljalandi 5, 108 Reykjavík og Guðlaugu Þóru Tómasdóttur, kt. 050664-2369, Lækjarbotnalandi 53d, 203 Kópavogi. Sjóðurinn starfar samkvæmt staðfestri skipulagsskrá. Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun, en mun ekki hafa með höndum atvinnurekstur. Sjóðurinn er stofnaður til minningar um Tobias Jaschke.

2. gr.

*Markmið.*

Markmið með stofnun sjóðsins er að hlúa að hagsmunamálum sem byggja á mannspeki (anthroposophi) með því að styrkja waldorfpuppeldisfræði, lífræna og lífeflda ræktun, lækninga- og meðferðarstörf, rannsóknir á andlegum málefnum og stuðla að uppbyggingu Mannspekifélags Íslands.

Þá er það einnig markmið sjóðsins að viðhalda og varðveita Tobiashús, sem er til minningar um Tobias Jaschke, en húsinu er ætlað að vera vettvangur fyrir fundi, ráðstefnur og námskeið í fræðum er tengjast mannspeki og mannrækt. Tobiashús er staðsett í Lækjarbotnalandi, Kópavogi.

Markmiðum með stofnun sjóðsins skal náð með beinum fjárframlögum og styrkjum eins og nánar greinir í skipulagsskrá þessari.

3. gr.

*Stjórn sjóðsins.*

Stjórn sjóðsins skal skipuð eftirtöldum þremur aðilum: Angeliku Jaschke, Atie Bakker og Guðlaugu Þóru Tómasdóttur.

Stjórnarmenn tilnefna hver um sig sinn varamann. Einn stjórnarmaður skal vera tengdur Tobiasi Jaschke fjölskyldu- eða vinaböndum og skal hann við stofnun sjóðsins vera formaður sjóðsins en stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Stjórnin skal skipuð formanni, gjaldkera og ritara. Stjórninni er heimilt að skipta um formann sjóðsstjórnar hvenær sem er.

Láti stjórnarmaður af störfum skal varamaður hans taka sæti í stjórn. Skal hann þá tilnefna nýjan varamann í sinn stað.

Formaður kemur fram fyrir hönd sjóðsins og er forsvarsmáður hans á opinberum vettvangi. Gjaldkeri ber ábyrgð á færslu reikninga og skýrslugerð til Ríkisendurskoðunar skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 19/1988. Ritari annast færslu fundargerða og varðveislu þeirra gagna og skjala er sjóðnum berast.

Stjórnin tekur ákvarðanir á fundum sínum og skal haldin gerðabók um alla fundi þar sem bókað er skilmerkilega um þær ákvarðanir sem teknar eru.

Stjórnin skal velja endurskoðendur sjóðsins. Reikningsár sjóðsins skal miðast við almánaksár.

## 4. gr.

*Fagráð.*

Stjórn sjóðsins velur 5 manna fagráð sem skal vera stjórninni til ráðuneytis um úthlutunir úr sjóðnum. Fagráð skal skipað einstaklingum sem hafa sérþekkingu og/eða reynslu á málefnum er tengjast þeim mannspeki- og mannræktarmálefnum sem sjóðnum er ætlað að styrkja.

Stjórn sjóðsins setur fagráði starfsreglur.

## 5. gr.

*Stofnfé.*

Stofnfé sjóðsins er kr. 725.000 og er það óskerðanlegt stofnfé að raungildi. Eigi má fara með eigur sjóðsins eða ráðstafa þeim á annan hátt en þann er samrýmist markmiðum hans og stuðlar að framgangi þeirra.

## 6. gr.

*Frekari fjárframlög.*

Sjóðurinn skal taka á móti öllum frekari fjárframlögum, hvort sem er frá stofnaðilum eða öðrum er veita vilja markmiðum hans brautargengi.

## 7. gr.

*Ráðstöfun fjár.*

Framlög úr sjóðnum skulu veitt samkvæmt umsóknum. Auk þess er stjórn sjóðsins heimilt að ráðstafa af eigin frumkvæði til málefna er vakið hafa athygli hennar og teljast vera í þágu þess tilgangs sem kveðið er á um í 2. gr. þessarar stofnskrár.

Stjórninni er heimilt hverju sinni að veita framlög til viðhalds og varðveislu Tobiashúss til þess að húsið megi vera sá vettvangur sem kveðið er á um í 2. gr.

Stjórn sjóðsins skal afla umsagnar fagráðs skv. 4. gr. áður en til afgreiðslu framlaga skv. 1. gr. kemur.

Stjórn sjóðsins er heimilt að skilyrða veitingu fjár úr sjóðnum fyrirfram og ákveða hámarks- og lágmarksfjárhæð einstakra styrkja.

## 8. gr.

*Ávöxtun fjár.*

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta með tryggum hætti. Stjórninni er heimilt að fela löggiltu verðbréfafyrirtæki eða bankastofnunum að ávaxta fjármuni sjóðsins.

## 9. gr.

*Breytingar og niðurlagning.*

Skipulagsskrá þessari verður aðeins breytt með samþykki stjórnar, meirihluta stofnenda og með staðfestingu dómsmálaráðuneytisins.

Séu stofnaðilar sammála um að leggja sjóðinn niður skulu þeir leita staðfestingar dómsmálaráðherra á því.

## 10. gr.

*Skráning sjóðsins.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi þannig samþykkt af stofnaðilum á sameiginlegum fundi þeirra í Reykjavík hinn 25. apríl 2005.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 18. maí 2005.*

F. h. r.  
**Hjalti Zóphóníasson.**

*Bryndís Helgadóttir.*

## REGLUR

**um breytingu (23) á reglum nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands.**

### **I. Breytingar á sameiginlegum reglum Háskólans.**

#### 1. gr.

Töluliður 2.1 í upptalningu lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr. breytist og verður svohljóðandi: Meistarapróf, Magister artium, Magister scientiarum, Magister paedagogiae, Master of Public Administration, Master of Laws, Master of Social Work, Master of Library and Information Science, Master of Health Informatics, Magister juris og Master of Accounting, M.A./M.S./M.Paed./MPA/LL.M./MSW/MLIS/MHI/Mag.jur./M.Acc., 2 ár að jafnaði að loknu B.A./B.S. eða sambærilegu námi, eða samkvæmt því sem nánar er tilgreint í sérreglum deildar um námið, eða reglum settum af háskólaráði um þverfaglegt nám á meistarastigi.

#### 2. gr.

Önnur málsgrein 65. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Við meistarapróf gilda sömu reglur um ákvörðun prófsefnis og mat á úrlausnum sem við fullnaðarpróf. Háskóladeild er heimilt að skipuleggja nám til meistaraprófs í einstökum kennslugreinum samkvæmt nánari ákvæðum í 68. gr. þessara reglna. Í sérstökum tilvikum er deild þó heimilt með samþykki háskólaráðs, að skipuleggja nám til meistaraprófs, án rannsóknatengds lokaverkefnis eða meistaraprófsritgerðar, enda séu gæði námsins tryggð með öðrum hætti þannig að þau séu sambærileg við annað meistaránám í skólanum. Frekari reglur sem deildir kunna að setja um meistaránám skulu staðfestar af háskólaráði.

### **II. Breytingar á kafla viðskipta- og hagfræðideildar.**

#### 3. gr.

Heiti 96. gr. breytist og verður: **Nám í reikningshaldi og endurskoðun.**

Ákvæði 96. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Deildin býður upp á meistaránám í reikningshaldi og endurskoðun sem lýkur með prófgráðunni *Master of Accounting, M.Acc.*

Skipan M.Acc.-námsins miðast við þrjú misseri. Námið er 45 einingar hið minnsta. Deildin setur nánari reglur um inntökuskilyrði og námskröfur sem háskólaráð staðfestir.

Þeim nemendum sem hófu grunnnám í deildinni haustið 2004 eða fyrr stendur einnig til boða cand.oecon.-nám með reikningshalds- og endurskoðunarvið sem kjörvið.

Skipan cand.oecon.-námsins miðast við fjögur ár eða átta misseri.

Prófgreinar til cand.oecon.-prófs í viðskiptafræði eru rekstrarhagfræði, þjóðhagfræði, reikningshald, stærðfræði, tölfræði, upplýsingatækni, lögfræði, fjármál og aðrar greinar samkvæmt ákvörðun viðskiptaskorar, alls 120 einingar.

### III. Breytingar á kafla hugvísindadeildar.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 1. mgr. 101. gr.:

1. Við upptalningu á kennslugreinum til B.A.-prófs bætist: Listfræði.
2. Við upptalningu kennslugreina til M.Paed.-prófs bætist: Heimspeki.
3. Við upptalningu kennslugreina til M.A.-prófs bætist: Íslensk miðaldafræði (Medieval Icelandic Studies).

5. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 105. gr.:

1. Fyrsti málslíður 3. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Til M.A.-prófs er að jafnaði krafist 60 eininga.
2. Við 4. mgr. bætist nýr málslíður svohljóðandi: Heimilt er, í þeim reglum, að kveða á um námsleiðir þar sem krafist er minnst 45 eininga til meistaraþrófs. Standi skorir sameiginlega að slíkum námsleiðum er jafnframt heimilt að fela fagráði eða námsstjórn að fara sameiginlega með það hlutverk sem skorirnar annars hafa með höndum.

### IV. Breytingar á kafla félagsvísindadeildar.

6. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 114. gr.:

1. Annar málslíður 5. mgr. breytist og verður svohljóðandi: Nám fyrir skólasafnverði er skipulagt sem eins árs viðbótarnám.
2. Annar málslíður 7. mgr. fellur brott.
3. Í stað einingafjöldans „30“ í lokamálslið 5. mgr. kemur: 15.
4. Ennfremur bætast við 114. gr., sbr. 7. gr. reglna nr. 362/2004, fimm nýjar málsgreinar, sem verða 17. – 21. mgr., svohljóðandi:

M.A.-nám í alþjóðasamskiptum er 60 eininga hagnýtt og fræðilegt nám sem hefur að markmiði að þjálfa nemendur fyrir vinnumarkaðinn og vinnu að rannsóknum á hinum ýmsu sviðum alþjóðasamskipta.

M.A.-nám í fötlunarfræði er 60 eininga rannsóknarnám eða 45 eininga starfstengt rannsóknarnám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Markmið námsins er að fötlunarfræðingar fái viðamikla fræðilega og hagnýta þekkingu á málefnum fatlaðra og öðlist færni í rannsóknar- og þróunarstörfum á því sviði.

M.A.-nám í kennslufræði er 60 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Einnig er unnt að ljúka 60 eininga námi sem veitir jafnframt kennsluréttindi. Markmiðið með náminu er að veita bæði fræðilega og hagnýta þekkingu og efla rannsóknir í kennarastarfinu, kennslu og skólastarfi almennt.

M.A.-nám í kynjafræði er 60 eininga nám. Markmið námsins er að veita nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að takast á við kynjafræðileg viðfangsefni, jafnframt því að undirbúa þá undir rannsóknir í greininni.

M.A.-nám í þróunarfræðum er 60 eininga nám og er ætlað að veita nemendum fræðilega, hagnýta og aðferðafræðilega þekkingu til að takast á við verkefni á sviði þróunarmála, jafnframt því að búa þá undir rannsóknarvinnu.

5. Núverandi 17. – 19. mgr. verða 22. – 24. mgr.

6. Aftan við 24. mgr. að gerðum þessum breytingum koma sex nýjar málsgreinar sem verða 25. – 30. mgr. svohljóðandi:
- Diplómanám í uppeldis- og menntunarfræði er sjálfstætt 15 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í uppeldis- og menntunarfræði.
- Diplómanám í alþjóðasamskiptum er sjálfstætt 15 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í alþjóðasamskiptum.
- Diplómanám í fötlunarfræði er sjálfstætt 15 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í fötlunarfræði.
- Diplómanám í kennslufræði er sjálfstætt 30 eininga nám til kennsluréttinda sbr. lög nr. 86/1998, um lögverndun á starfsheiti og starfsréttindum grunnskólakennara, framhaldsskólakennara og skólastjóra, að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Þá er unnt að ljúka 15 eininga diplómanámi til kennsluréttinda sbr. lög nr. 86/1998 um embættisgengi framhaldsskólakennara enda hafi fólk lokið að minnsta kosti B.A.- eða B.S.-gráðu auk 30 eininga framhaldsnámi á sama sviði með fullgildum lokaprófum. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í kennslufræði.
- Diplómanám í kynjafræði er sjálfstætt 15 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í kynjafræði.
- Diplómanám í þróunarfræðum er sjálfstætt 15 eininga nám að loknu B.A.-prófi eða sambærilegu háskólaprófi. Nám þetta er hægt að fá metið inn í meistaranám í þróunarfræðum.
7. Núverandi 20. – 21. mgr. verða 31. – 32. mgr.

## V. Breytingar á kafla raunvísindadeildar.

### 7. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 117. gr.:

1. Ákvæði í 1. mgr. um nám til áfangaprófs (fyrrihlutaprófa) í eðlisverkfræði og efnaverkfræði í upptalningu kennslugreina, falla brott.
2. Heitið „matvælafræðiskor“ í upptalningu skora í 2. mgr. breytist og verður: matvæla- og næringarfræðiskor.

### 8. gr.

Aftan við 117. gr. regnanna kemur ný grein, 117. gr. a., með heitið: **M.Paed.-nám** og svohljóðandi ákvæði:

Raunvísindadeild skipuleggur nám til M.Paed.-prófs í kennslugreinum innan deildarinnar, sbr. 6. mgr. 117. gr. Náminu er ætlað að veita undirbúning fyrir kennslu í þessum greinum í framhaldsskólum og leiða til kennsluréttinda á því skólastigi.

Reglur um rannsóknánám í raunvísindadeild gilda ekki um nám til M.Paed.-prófs.

Til að ljúka M.Paed.-prófi frá raunvísindadeild þarf 45 einingar til viðbótar B.S.-prófi, 30 einingar í raunvísindadeild og 15 einingar í félagsvísindadeild. Í félagsvísindadeild tekur nemandi námskeið samkvæmt ákvörðun félagsvísindadeildar sem birt er í kennsluskrá. Nemandi lýkur lokaverkefni í raunvísindadeild og nemur það 5-30 einingum samkvæmt nánari ákvörðun skorar. Að öðru leyti tekur nemandinn námskeið í raunvísindum til 30 eininga.

Lokaverkefni getur verið ritgerð á afmörkuðu sviði í viðkomandi fræðigrein eða verkefni sem tengist beint kennslu, annarri fræðslu eða skólastarfi.

Við inntöku í nám til meistaraprófs fyrir kennara samkvæmt þessum reglum, er að jafnaði krafist B.S.-prófs í viðkomandi grein eða skyldum greinum. Nemendur með annan und-

irbúning geta einnig sótt um aðgang að náminu ef skorin telur undirbúning nægilegan og fellst á námsáætlun.

## VI. Breytingar á kafla lyfjafræðideildar.

### 9. gr.

Upptalning á kennslugreinum í lyfjafræðideild í 1. mgr. 121. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Til B.S.-prófs í lyfjafræði.

Til M.S.-prófs í lyfjafræði (M.S.-próf í lyfjafræði er jafngilt cand.pharm.-prófi, embættisprófi í lyfjafræði).

Til M.S.-prófs í lyfjavísindum á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi. Deildin setur nánari reglur um nám til meistaraþrófs í lyfjavísindum sem háskólaráð staðfestir.

Til doktorsprófs í lyfjavísindum á fræðasviðum þar sem nauðsynleg aðstaða er fyrir hendi. Deildin setur nánari reglur um nám til doktorsprófs sem háskólaráð staðfestir.

### 10. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 122. gr. reglnanna:

1. Önnur málsgrein breytist og verður svohljóðandi:

Námskeið skal meta til eininga og telst fullt nám að jafnaði vera 30 einingar á námsári. Nám til B.S.-prófs er 90 einingar og framhaldsnám til meistaraþrófs í lyfjafræði 63 einingar. Skal miðað við að vægi námskeiðs í heildareinkunn samsvari einingafjölda þess.

2. Þriðja málsgrein breytist og verður svohljóðandi:

Kennsla í hverju námskeiði skal miðuð við að hún spanni öll aðalatriði námsgreinarinnar áður en stúdent gengst undir próf. Stúdent skal hafa lokið B.S.-prófi í lyfjafræði eigi síðar en fimm árum eftir innritun hans í B.S.-nám við lyfjafræðideild.

### 11. gr.

Fyrsta málsgrein 123. gr. breytist og verður svohljóðandi: Þeir sem lokið hafa stúdentsprófi af bóknámsbraut í íslenskum skóla, sem hefur heimild til þess að brautskrá stúdenta, geta hafið nám í lyfjafræði.

### 12. gr.

Í stað 1. – 5. mgr. 124. gr. koma fimm nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Í lyfjafræðideild er veitt kennsla til B.S.-prófs í lyfjafræði. Deildin setur nánari reglur um námsskipan í B.S.-námi.

Stúdent skal hafa lokið B.S.-prófi í lyfjafræði frá lyfjafræðideild Háskóla Íslands áður en hann hefur framhaldsnám til meistaraþrófs í lyfjafræði. Lyfjafræðideild getur heimilað að stúdent, sem lokið hefur sambærilegu prófi, hefji framhaldsnám við deildina til meistaraþrófs í lyfjafræði.

Til meistaraþrófs í lyfjafræði skal kennsla hagað þannig, að ljúka megi því á tveimur árum eftir B.S.-próf. Meistaraþrófi skal ljúka eigi síðar en þremur árum eftir að stúdent innritaðist í meistaranámið. Undanþágu má veita frá þessum tímamörkum vegna veikinda eða annarra svipaðra vítaleysisástæðna.

Lyfjafræðideild getur veitt kennslu og þjálfun til meistaraþrófs í lyfjavísindum á fræðasviðum að afloknu B.S.-prófi eða öðru háskólaprófi sem deildin telur að feli í sér viðeigandi undirbúning til námsins.



Um meistaranám í lyfjavísindum gilda sérstakar reglur sem deildin setur og háskólaráð staðfestir.

## 13. gr.

Ákvæði 125. gr. breytast og verða svohljóðandi:

Um starfsþjálfun stúdenta í meistaranámi í lyfjafræði fer eftir reglum sem deildin setur.

Sá sem lokið hefur meistaraþrófi í lyfjafræði (jafngildi cand.pharm.-prófs) og starfsþjálfun getur sótt um starfsleyfi lyfjafræðings, enda fullnægi hann kröfum 3. gr. laga um lyfjafræðinga nr. 35/1978, með áorðnum breytingum.

**VII. Gildistöku- og bráðabirgðaákvæði.**

## 14. gr.

Aftan við lokamálsgrein ákvæða til bráðabirgða í reglunum kemur ný málsgrein svohljóðandi:

Breytt skipan lyfjafræðináms skv. XIX. kafla reglna þessara tekur gildi við upphaf haustmisseris 2005 og verður ákvæðum 121. - 125. gr. beitt um stúdenta sem innrita sig til grunnnáms við lyfjafræðideild háskólaárið 2005-2006 og síðar. Eldri reglur gilda um stúdenta sem fyrir hafa innritast en kennsla fer þó ekki fram í einstökum greinum að hætti eldri reglna lengur en sem nemur reglulegri framvindu náms.

## 15. gr.

Ákvæði reglna þessara, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli laga um Háskóla Íslands nr. 41/1999, og tillagna háskóladeilda, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 16. maí 2005.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

**GJALDSKRÁ****fyrir gatnagerðargjald á Seltjarnarnesi.**

## 1. gr.

*Almenn heimild.*

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignarlóðum eða leigulóðum á Seltjarnarnesi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs samkvæmt gjaldskrá þessari. Um gatnagerðargjald fer að öðru leyti eftir lögum um gatnagerðargjald nr. 17/1996 og reglugerð um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

## 2. gr.

*Ráðstöfun gatnagerðargjalds.*

Gatnagerðargjaldi skal varið til gatnagerðar á Seltjarnarnesi. Undir það fellur kostnaður við umferðarmannvirki með tilheyrandi lögnum fráveitu og vatnsveitu, ásamt götulýsingu, lagningu bundins slitlags, gangstéttum, umferðareyjum, gangstígum, opnum svæðum og leik-

svæðum. Kostnaður við annað, sem óhjákvæmilegt er í hverfum, svo sem gróðursetningu innan hverfis og á aðliggjandi svæðum, hljóðmanir, snjógirðingar og flóðvarnir o.p.u.l. greiðist einnig af gatnagerðargjöldum.

## 3. gr.

*Grunnur gatnagerðargjalds.*

1. Af hverjum fermetra húss greiðist ákveðinn hundradshluti byggingarkostnaðar pr. fermetra í húsbýggingu eins og hann er hverju sinni í vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, eins og hér greinir. Gjald pr. ferm. skal tilgreint í heilum krónum:
 

- Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	14,0%	kr. 13.684
- Raðhús, parhús, tvíbýlishús og keðjuhús	10,0%	kr. 9.774
- Fjölbýlishús	7,0%	kr. 6.842
- Atvinnuhúsnæði, og annað húsnæði	8,0%	kr. 7.819
2. Fjárhæð gatnagerðargjalds breytist 1. dag hvers mánaðar í samræmi við breytingu á byggingarkostnaði vísitöluhússins. (Í febrúar 2005 vísitala 313,3 og vísitöluhús 97.742 kr./m<sup>2</sup>).
3. Bæjarsjóður getur hækkað eða lækkað gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari vegna tiltekinnna svæða eða lóða um allt að 20%.

## 4. gr.

*Lágmarksgjald.*

1. Við ákvörðun lágmarksgatnagerðargjalds við úthlutun byggingarréttar á lóð skal að jafnaði miða við eftirfarandi stærðir:
 

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	220 ferm. pr. íbúð
Raðhús, tvíbýlishús og keðjuhús	190 ferm. pr. íbúð
Fjölbýlishús	960 ferm. hús
2. Lágmarksgatnagerðargjald af öðrum lóðum skal taka mið af nýtingarmöguleika á lóð samkvæmt því skipulagi, sem gildir við lóðaúthlutun. Reikna skal flatarmál húsa samkvæmt ÍST 50 um flatarmál og rúmmál bygginga og miðað við brúttóstærðir. Bílgeymslur, milliloft og útihús skal telja með við útreikning á flatarmáli húsa.

## 5. gr.

*Greiðsluskilmálar.*

1. Lágmarksgatnagerðargjald, sem ákveðið er við úthlutun byggingarréttar á lóð, skal greitt innan eins mánaðar frá dagsetningu tilkynningar til lóðarhafa um úthlutunina og með þeim skilmálum, sem bæjarráð ákveður. Ef ekki er greitt innan tilskilins frests fellur úthlutunin sjálfkrafa úr gildi án sérstakrar tilkynningar þar um.
2. Af flatarmáli bygginga, sem byggingarnefnd samþykkir og sem er umfram það flatarmál, sem lágmarksgatnagerðargjald samkvæmt 1. mgr. var miðað við, skal greiða gatnagerðargjald samkvæmt þeirri gjaldskrá, sem gildir þegar það er samþykkt. Viðbótargatnagerðargjald skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.
3. Gatnagerðargjald af byggingum, sem samþykktar eru á eignarlóðum, skal greitt áður en byggingarleyfi er gefið út.

## 6. gr.

*Undantekningar.*

Gatnagerðargjald skal lækkað eða fellt niður þegar svo stendur á, sem segir í 1.-4. tl. þessarar málsgreinar:

1. Af kjallarárymum íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er að grafa út grunn en fylla hann upp, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi, enda sé húsrýmið glugga-laust og aðeins gengt í það innan frá.
2. Af sameiginlegum bifreiðageymslum fyrir þrjár eða fleiri bifreiðar, sem byggðar eru samkvæmt skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða, skal greiða 25% af fermetragjaldi þeirra húsa, sem þær eiga að þjóna.
3. Af yfirbyggðum göngugötum eða léttum tengibyggingum í eða á milli verslunar og/eða skrifstofuhúsa, sem teljast til sameignar viðkomandi húss (húsa) og eru til almennings-nota á afgreiðslutíma viðkomandi verslana/skrifstofa, skal greiða 25% af venjulegu fermetragjaldi verslunar- og skrifstofuhúsa. Skilyrði þessa er þó að hús, sem yfirbygging eða tengibygging er byggð við, sé svo sjálfstætt, að það fullnægi kröfum byggingarlaga og -reglugerðar án hennar og jafnmikið að yfirbyggingin eða tengibyggingin sé þannig úr garði gerð, að hún fullnægi ekki aðeins sérkröfum byggingarlaga og -reglugerðar.
4. Af auknu flatarmáli íbúðarhúsa 15 ára og eldri, sem leiðir af endurbótum á þeim, t.d. með byggingu anddyris, yfirbyggingu svala, glerskálum o.þ.h., skal ekki greiða gatnagerðargjald, enda nemi stækkunin ekki meiru en 1/3 hluta af flatarmáli íbúðarinnar og aldrei meiru en 30 m<sup>2</sup> á hverja íbúð. Tilheyri stækkunin sameign fjöleignarhúss, skal meta hana eins og ef um stækkun vegna einnar íbúðar væri að ræða. Við ákvörðun gatnagerðargjalds samkvæmt þessum tölulíð skal meta í einu lagi þær stækkunar, sem samþykktar hafa verið á sama húsi á næstu 5 árum á undan.  
Samþykki byggingarnefnd breytingar á húsnæði eða notkun húsnæðis, sem undanþágur samkvæmt 1., 2. eða 3. tl. 1. mgr. þessarar greinar taka til, þannig að það uppfylli ekki lengur skilyrði til lækkunar gatnagerðargjalds skal greiða gatnagerðargjald af því húsnæði samkvæmt gildandi gjaldskrá, að teknu tilliti til þess sem áður hefur verið greitt vegna sama húsnæðis. Ef veitt er undanþága frá greiðslu gatnagerðargjalds, samkvæmt staflið 1., 2. eða 3. tl. 1. mgr. skal þinglýsa yfirlýsingu á viðkomandi eign um að breytt notkun húsnæðisins geti leitt til greiðslu gatnagerðargjalds.

#### 7. gr.

##### *Endurgreiðsla gatnagerðargjalds.*

1. Um endurgreiðslu greidds gatnagerðargjalds fer eftir 9. gr. reglugerðar nr. 543/1996. Gatnagerðargjald endurgreiðist ásamt verðbótum samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar frá þeim degi þegar það var greitt. Gatnagerðargjald, sem greitt hefur verið í tengslum við veitingu byggingarleyfis, skal verðbætt samkvæmt framansögðu til þess dags þegar byggingarleyfi fellur úr gildi eða er fellt úr gildi. Í öðrum tilvikum skal reikna verðbætur til þess dags þegar gatnagerðargjaldið er endurgreitt.
2. Hafi byggingarleyfi fyrir húsi eða hluta húss verið bundið skilyrði um niðurrif eða brottflutning að kröfu bæjaryfirvalda skal gatnagerðargjald, sem greitt hefur verið vegna viðkomandi byggingar, endurgreitt ásamt verðbótum þegar byggingin hefur verið rifin eða fjarlægð í samræmi við kvöðina. Verðbætur skulu reiknast frá greiðsludegi gatnagerðargjaldsins til þess dags, að niðurrifs eða brottflutnings er krafist. Réttur til endurgreiðslu gatnagerðargjalds samkvæmt þessari málsgrein fellur niður ef bæjaryfirvöld hafa ekki krafist niðurrifs eða brottflutnings byggingarinnar, sem kvöðin hvílir á, innan 15 ára frá því að hið skilyrta byggingarleyfi var upphaflega veitt.

#### 8. gr.

##### *Inneign gatnagerðargjalds til frádráttar.*

Ef byggt er nýtt hús eða byggt við eldra hús á lóð, sem greitt hefur verið lágmarks-

gatnagerðargjald af fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, skal viðbótargatnagerðargjald reiknað eins og hér segir:

- a) Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á viðkomandi lóð eru minni að rúmmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal sá hluti hins greidda gjalds, sem þannig stendur eftir, verðbættur miðað við vísitölu byggingarkostnaðar frá greiðsludegi til þess dags þegar nýtt byggingarleyfi er samþykkt og koma þannig til frádráttar við ákvörðun viðbótargatnagerðargjalds.
- b) Ef bygging eða byggingar sem fyrir eru á lóð eru jafn stórar eða stærri að rúmmáli en sem svarar því, sem lágmarksgatnagerðargjaldið var miðað við, skal greiða viðbótargatnagerðargjald samkvæmt 2. mgr. 5. gr.

9. gr.

*Eldri samningar og skilmálar um gatnagerðargjöld.*

Samningar um gatnagerðargjöld af tilteknum lóðum, sem lóðarhafar eða lóðareigendur hafa gert við Seltjarnarnes fyrir gildistöku gjaldskrár þessarar, svo og skilmálar varðandi gatnagerðargjöld, sem bæjaryfirvöld hafa sett fyrir sömu tímamörk og lóðarhafi eða lóðar-eigandi hefur undirgengist, halda gildi sínu, sbr. 2. tl. í ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 171/1996, nema aðilar séu um annað sáttir.

10. gr.

*Gildistaka gjaldskrár.*

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af bæjarstjórn Seltjarnarness 27. apríl 2005, skv. lögum nr. 171/1996 og 11. gr. reglugerðar um gatnagerðargjald nr. 543/1996.

Gjaldskráin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá frá 2. febrúar 1976 um gatnagerðargjöld á Seltjarnarnesi, sem og auglýst gjaldskrá nr. 487/2005.

*Seltjarnarnesi, 6. júní 2005.*

**Jónmundur Guðmarsson** bæjarstjóri.

19. apríl 2005

Nr. 534

## AUGLÝSING

### um niðurfellingu á auglýsingu nr. 96/2005.

Auglýsing Hrafnistu Reykjavík, Hrafnistu Hafnarfirði, Vífilstaða og Víðiness skv. 2. mgr. 19. gr. laga nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, nr. 96/2005, er hér með felld úr gildi með þessari auglýsingu.

*Reykjavík, 19. apríl 2005.*

**Kristján Sigurðsson**, forstöðumaður stjórnunarsviðs.

# GJALDSKRÁ

## fyrir leyfisveitingar og þjónustu byggingarfulltrúans á Seltjarnarnesi.

### 1. gr.

Samkvæmt gjaldskrá þessari skal greiða gjöld vegna útgáfu á byggingarleyfum sem byggingarfulltrúi samþykkir og/eða bæjarstjórn Seltjarnarness staðfestir.

Jafnframt skal greiða gjöld vegna byggingarleyfisumsókna og annarrar þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir.

### 2. gr.

Fjárhæð leyfis og þjónustugjalda skal vera eftirfarandi:

<i>Byggingarleyfisgjald</i>	kr.
Fast gjald vegna móttöku umsókna	5.200
Rúmmetragjald pr. byggðan m <sup>3</sup> í nýbyggingu að hámarki 50.000 m <sup>3</sup>	52

#### *Yfirferð séruppdráttu*

(burðarþols-, lagna- og séruppdrættir aðalhönnuða)

Einbýlis-, par-, rað- og fjölbýlishús allt að 6 íbúðir	39.200
Fjölbýlishús og 6 íbúðir og fleiri	76.000
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði allt að 2000 m <sup>3</sup> brúttó	58.500
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði 2000 m <sup>3</sup> og stærra	72.100
Aðrar minni byggingar, s.s. viðbyggingar, bílg., anddyri, sólstofur o.fl.	13.500

Í tilvikum sem nauðsynlegt er að láta yfirfara aðra séruppdrætti s.s. raflagnateikningar og teikningar af vatnsúðakerfum skal leyfishafi greiða gjald sem nemur sannanlegum útlögum kostnaði.

#### *Úttektir*

Almenn úttekt	3.200
Lokaúttekt	9.500
Einbýlis-, par- og raðhús á einni hæð (10 útt. + lokaúttekt)	41.500
Einbýlis-, par- og raðhús á tveimur hæðum (12 útt. + lokaúttekt)	47.900

Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði allt að 2000 m <sup>3</sup>	56.600
Af öðru húsnæði, þ.m.t. atvinnuhúsnæði 2000 m <sup>3</sup> og stærri	76.800
Fjölbýlishús, gjald pr. matshluta	70.400
Aðrar minni byggingar, lágmark 3 úttektir á 3.200, kr./útt. + lokaúttekt á 6.400 kr.	16.000

#### *Mælingar*

Útsetning (1 fín útsetning og 1 eftirmæling). Án VSK	54.800
--	--------

#### *Vottorð/úttekt*

Fokheldisvottorð með úttekt	7.700
Stöðuúttektarvottorð (ófullgert húsnæði tekið í notkun)	9.500

<i>Húsaleiguúttektir</i>	kr.
Gjald pr. fermetra vegna íbúðarhúsnæðis	18,95
Að hámarki kr. 9.900, fyrir íbúðarhúsnæði	
Gjald pr. fermetra vegna atvinnuhúsnæðis	10,25
<i>Veitingahús</i>	
Úttekt vegna vínveitingaleyfis	7.700
<i>Annað</i>	
Gjald fyrir hvert útkall byggingarfulltrúa þar sem verkið er ekki úttektarhæft	3.800
Byggingarfulltrúa er heimilt í sérstökum tilfellum að innheimta gjald fyrir önnur útköll, s.s. vettvangskönnun o.fl., enda hafi verið stofnað til sannanlegs kostnaðar vegna tilviksins.	4.900

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt þótt leyfi falli úr gildi eða sé fellt úr gildi. Verði byggingarleyfi endurnýjað óbreytt skal nýtt byggingarleyfisgjald vera helmingi lægra en að ofan greinir. Fast gjald helst þó óbreytt.

### 3. gr.

Byggingarleyfisgjöld og gjöld fyrir yfirferð á séruppráttum, úttektum og mælingum skulu ákvarðast og gjaldfalla við útgáfu byggingarleyfis.

Fast gjald fyrir byggingarleyfisumsóknir greiðist við móttöku byggingarleyfisumsóknar.

Önnur gjöld, svo sem vegna vottorða, húsaleiguúttekta, úttekta vegna vínveitingaleyfa og óþarfa úttekta, gjaldfalla við afhendingu tilheyrandi gagna.

### 4. gr.

Fjárhæðir í gjaldskrá þessari miðast við byggingarvísitölu í janúar 2005 (304,7) og skulu breytast eftir byggingarvísitölu í janúar ár hvert.

### 5. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt í bæjarstjórn Seltjarnarness þann 27. apríl 2005 samkvæmt heimild í 53 gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum og samkvæmt heimild í 27. og 29. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998 með síðari breytingum, til þess að öðlast gildi þegar í stað. Áður gildandi og birt (nr. 499/2005) gjaldskrá fellur úr gildi frá og með birtingu þessarar gjaldskrár.

*Seltjarnarnesi, 6. júní 2005.*

**Jónmundur Guðmarsson** bæjarstjóri.

## AUGLÝSING

### um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávar- og fiskeldisafurðum frá Kína.

#### 1. gr.

Af heilbrigðisástæðum er bannað að flytja inn sjávar- og fiskeldisafurðir frá Kína sem nota á til manneldis eða sem dýrafóður.

#### 2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að flytja inn sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs aðrar en þær sem taldar eru í 3. gr.

#### 3. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er heimilt að flytja inn eftirtaldar sjávarafurðir sem eru ætlaðar til manneldis eða dýrafóðurs, að því tilskyldu að þeim fylgi yfirlýsing þar til bærra kínverskra yfirvalda um að á hverri sendingu hafi verið gert efnafræðilegt próf til að ganga úr skugga um að vörurnar séu ekki skaðlegar heilsu manna. Þetta próf skal einkum gert til að kanna leifar klóramfenikól og nítrófúrans og afleiðna af þeim efnum. Niðurstöður þessara prófa verða að fylgja sendingunni:

1. Fiskeldisafurðir.
2. Pillaða og/eða unna rækju.
3. Vatnakrabba af tegundinni *Procramburus clarkii*, sem veiðist í náttúrulegu ferskvatni.

#### 4. gr.

Ákvörðun þessi er tekin á grundvelli 24. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum og til innleiðingar á ákvörðun framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins 2002/994/EB og síðari ákvörðunum sem breyta henni. Ákvörðunin tekur þegar gildi og frá sama tíma fellur úr gildi auglýsing nr. 86, 11. febrúar 2003, um öryggisráðstafanir vegna innflutnings á sjávarafurðum frá Kína.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júní 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 233, 30. mars 1999, með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Við 8. gr. reglugerðarinnar bætist nýr töluliður sem verður 5. töluliður:

5. Fiskiskip undir 15 brúttótonnum skulu undanþegin þeirri skyldu að hafa samning við

faggilta skoðunarstofu. Fiskistofa annast eftirlit með því að þessi skip uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til hreinlætis, búnaðar og meðferðar afla samkvæmt reglugerð þessari.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 31. gr. laga nr. 55, 10. júní 1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 429/1992 um fyrirkomulag eftirlits með sjávarafurðum.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júní 2005.*

F. h. r.

**Vilhjálmur Egilsson.**


---

*Guðríður M. Kristjánsdóttir.*

**AUGLÝSING****um flutningsjöfnunargjald á olúvörum.**

Á grundvelli laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olúvара tilkynnir Samkeppnisstofnun að flutningsjöfnunargjald á neðangreindum olúvörum er sem hér segir frá og með 1. júlí 2005 og gildir gjaldið þar til annað verður ákveðið:

Bifreiðabensín	0,36 kr. á lítra
Gasolía	0,72 kr. á lítra
Aðrar olíur og blöndur til brennslu	0,15 kr. á kg
Flugvélabensín	0,10 kr. á lítra
Flugsteinolía (þotueldsneyti)	0,14 kr. á lítra

Samkvæmt 3. gr. laga nr. 103/1994 um jöfnun á flutningskostnaði olúvара skulu dreifingaraðilar samkvæmt 1. gr. laganna, aðrir en þeir sem annast innanlandssölu á olíu í öllum landshlutum, greiða flutningsjöfnunargjaldið við innheimtu aðflutningsgjalda miðað við innflutt móttekið magn. Tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn utan Reykjavíkur annast samkvæmt sömu grein innheimtu gjaldsins og skulu skila því til flutningsjöfnunarsjóðs olúvара.

*Samkeppnisstofnun, Reykjavík, 30. maí 2005.*

**Georg Ólafsson.**


---

*Gunnar G. Þorsteinsson.*



## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 312/2005, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2005-2006.

#### 1. gr.

Í stað 3. mgr. 1. gr. reglnanna, sem fjallar um fjöldatakmörkun í læknadeild, koma þrjár nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í geislafræði, háskólaárið 2005-2006, takmarkast við töluna 10.

Fjöldi nemenda á vormisseri 1. námsárs í lífeindafræði, háskólaárið 2005-2006, takmarkast við töluna 15.

Um framkvæmd fjöldatakmörkunar í læknadeild gilda annars vegar reglur nr. 1042/2003, um inntöku nýnema í lækisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor og hins vegar reglur nr. 540/2005, um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði. Reglurnar eru aðgengilegar á vef læknadeildar.

#### 2. gr.

Fyrstu tveir málsliðir E-liðar 4. gr. reglnanna, sem fjallar um inntöku nemenda í meistaranám í náms- og starfsráðgjöf, breytast og verða svohljóðandi:

Fjöldi nýrra nemenda í meistaranámi í náms- og starfsráðgjöf (til M.A.-gráðu eftir viðbótar- eða diplománám, 30 einingar) takmarkast við töluna 25. Miðað er við að álíka margir nemendur verði teknir inn í fullt nám og hlutanám.

#### 3. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett, að fenginni tillögu viðkomandi háskóladeilda og á grundvelli heimildar í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, gilda fyrir háskólaárið 2005-2006.

*Háskóla Íslands, 25. maí 2005.*

**Páll Skúlason.**

*Þórður Kristinsson.*

## REGLUR

### um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

*Ákvörðun um fjöldatakmörkun.*

Læknadeild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í geislafræði og lífeindafræði. Skal beiðni frá deildinni, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur læknadeildar eigi síðar en í febrúar.

Ef fjöldatakmörkun er ákveðin fer val stúdenta til náms fram í samræmi við eftirfarandi ákvæði um fyrirkomulag og niðurstöður samkeppnisprófa.

## 2. gr.

*Fyrirkomulag samkeppnisprófa.*

Samkeppnispróf fyrir skráða stúdenta í geislafræði og lífeindafræði eru haldin í desember að lokinni kennslu á haustmisseri. Prófað er í öllum þeim námskeiðum, sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs og verða stúdentar að taka öll prófin til þess að koma til álitu við valið. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

Þeim stúdentum, sem þreyta öll samkeppnisprófin, er raðað eftir lækkandi heildareinkunn innan þeirrar greinar, geislafræði eða lífeindafræði, sem þeir eru skráðir í þegar þeir hefja prófin. Ef fleiri stúdentar þreyta öll samkeppnisprófin en sá fjöldi sem ákveðinn hefur verið, sbr. 1. gr. (*numerus clausus*), öðlast einungis þeir rétt til áframhaldandi náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands sem bestum árangri ná á samkeppnisprófum í hvorri grein fyrir sig. Ef tveir eða fleiri stúdentar eru jafnir í síðasta sæti í hvorri grein skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormisseri 1. námsárs.

## 3. gr.

*Vægi greina og námsmat.*

Prófað verður úr öllum námskeiðum sem metin eru til námseininga á haustmisseri fyrsta námsárs. Vægi greina er ákveðið af deildarráði og skal sú ákvörðun birt í kennsluskrá. Einkunn fyrir hvert námskeið er gefin með tveimur aukastöfum, frá 0,00-10,00. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar vægi greinanna. Heildareinkunn í samkeppnisprófunum fæst með því að leggja saman einkunnir úr einstökum námskeiðum, sem þannig hafa verið vegnar. Þessi einkunn, reiknuð með tveimur aukastöfum, er lögð til grundvallar við niðurröðun stúdenta varðandi áframhaldandi nám.

## 4. gr.

*Birting einkunna, sjúkrapróf o.fl.*

Stefnt er að því að einkunnir úr samkeppnisprófi að loknu haustmisseri 1. námsárs í geislafræði og lífeindafræði verði birtar fyrir 10. janúar.

Sjúkrapróf verða haldin, ef nauðsyn krefur, svo fljótt sem auðið er.

Að öllu jöfnu er stúdentum ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári.

## 5. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglur þessar um val stúdenta til náms í geislafræði og lífeindafræði, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 89. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Auk birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, sbr. 1. mgr. 20. gr. laga nr. 41/1999, skal birta reglurnar í kafla læknadeildar í kennsluskrá og á heimasíðu deildarinnar.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Við samkeppnispróf í desember 2005 verður vægi prófgreina sem hér segir:

<i>Prófgrein</i>	<i>Vægi</i>	<i>Lífeindafræði</i>	<i>Geislafræði</i>
Líffærafræði	4e	✓	✓
Lífeðlis- og eðlisfræði	5e	✓	✓
Lífefnafræði	2e		✓
Geislaeðlisfræði	4e		✓
Efnafræði	6e	✓	

Lífeindafræðileg kynning (0e) er skyldunámskeið á fyrsta misseri náms í lífeindafræði, en námsmat felst ekki í prófi.

*Háskóla Íslands, 25. maí 2005.*

**Páll Skúlason.**

---

*Þórður Kristinsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur.

Samkvæmt lögum nr. 139, 21. desember 2001 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, er taki gildi 1. júní 2005:

Gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur, nr. 101, 23. janúar 2004, með síðari breytingum, breytist þannig:

Allir gjaldskrárlíðir fyrir heitt vatn lækka um 1,5%.

*Iðnaðarráðuneytinu, 31. maí 2005.*

**Kristján Skarphéðinsson.**

---

*Guðrún Skúladóttir.*

## AUGLÝSING

### um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs Reykjavíkur hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið að banna lagningu ökutækja við neðangreindar götur í Bryggjuhverfi:

Básabryggju 1-7, norðurkant.

Naustabryggju 2-10, austurkant.

Frá Naustabryggju 3 að Sævarhöfða, vesturkant.

Naustabryggju 12-18, um 20 m við suðurkant.

Naustabryggju 23-27, vesturkant.

Naustabryggju 54-56, norðurkant.

Bannið er táknað með umferðarmerkinu B21.11.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. maí 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## AUGLÝSING

### um umferð í Mosfellsbæ.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Mosfellsbæjar hefur lögreglustjóri ákveðið eftirfarandi breytingar á umferð í Mosfellsbæ:

1. Stöðvunarskylda verður á Áslandi fyrir umferð um Vesturlandsveg.
2. Biðskylda verður á Baugshlíð, Lækjarhlíð og Þrastarhöfða fyrir umferð um hringtorg á gatnamótum þeirra.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. maí 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## AUGLÝSING

### um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju HB Granda hf., kt. 541185-0389, Örfirisey, Reykjavík. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju HB Granda hf., kt. 541185-0389, Þorlákshöfn. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. febrúar 2015.

Umhverfisstofnun hefur gefið út starfsleyfi fyrir rafskautaverksmiðju Kapla, kt. 640903-2360, Katanesi, Hvalfjarðarstrandarhreppi. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við 6. gr. í I. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun. Starfsleyfið öðlast gildi þegar útgáfa þess er auglýst í B-deild Stjórnartíðinda og gildir til 1. apríl 2020.

*Umhverfisstofnun, 24. maí 2005.*

**Davíð Egilson** forstjóri.

---

*Sigurbjörg Gísladóttir,  
forstöðumaður stjórnsýslusviðs.*

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skaftafells 2, Freysnesi, Örafum, Sveitarfélaginu Hornafirði.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Hornafjarðar, þann 27. apríl 2005, samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skaftafells 2, Freysnesi, Örafum.

Skipulagið tekur til svæðis suðvestan við þjóðveg nr. 1 framan við opið svæði til sérstakra nota og fram í Svínanes, sem liggur á milli Skaftafellsár og Svínafellsár, alls um 39,0 ha.

Greinargerð og skipulagsuppráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Höfn, 25. maí 2005.*

F.h. bæjarstjórnar Hornafjarðar,

**Hákon Valdimarsson**, byggingarfulltrúi Hornafjarðar.

## AUGLÝSING

### um listabókstafi stjórnmalasamtaka.

Ráðuneytið hefur úthlutað listabókstafnum V til stjórnmalasamtakanna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, og kemur hann í staðinn fyrir listabókstafinn U, sem þau höfðu áður.

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 38. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 24 16. maí 2000.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 25. maí 2005.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Hjalti Zóphóníasson.*

## REGLUGERÐ

### um togveiðar á kolmunna 2005.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa á kolmunna á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) í fiskveiðilögsögu Íslands og í lögsögu þeirra landa, þar sem íslensk skip hafa rétt til að veiða samkvæmt samningum. Á árinu

2005 er íslenskum skipum heimilt að veiða 345 þús. lestir af kolmunna og skal Fiskistofa skipta því heildarmagni milli þeirra á grundvelli aflahlutdeildar þeirra.

#### 2. gr.

Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu. Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda flotvörpuveiðar á kolmunna, sem hafa aflamark í kolmunna.

#### 3. gr.

Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30' V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

- |                             |                             |
|-----------------------------|-----------------------------|
| 1. 63°05,90 N - 20°30,00 V  | 11. 63°33,60 N - 14°41,70 V |
| 2. 63°11,40 N - 19°07,30 V  | 12. 63°43,40 N - 13°53,00 V |
| 3. 63°07,50 N - 18°38,00 V  | 13. 64°00,00 N - 13°07,00 V |
| 4. 63°09,00 N - 18°27,00 V  | 14. 64°21,70 N - 12°17,30 V |
| 5. 63°07,00 N - 18°02,00 V  | 15. 64°32,30 N - 11°41,00 V |
| 6. 63°12,50 N - 17°00,00 V  | 16. 65°00,00 N - 11°28,00 V |
| 7. 63°20,00 N - 16°03,00 V  | 17. 65°27,00 N - 11°24,00 V |
| 8. 63°22,50 N - 15°51,00 V  | 18. 66°06,00 N - 11°33,00 V |
| 9. 63°26,00 N - 15°29,00 V  | 19. 66°42,00 N - 12°50,00 V |
| 10. 63°30,70 N - 15°00,00 V |                             |

og þaðan í rv. 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

#### 4. gr.

Íslenskum skipum sem leyfi hafa fengið til kolmunnaveiða með flotvörpu er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar sbr. reglugerð nr. 303/1999 um afladagbækur. Þar skal fram koma m.a. veiðisvæði, veiðitími og afli í hverju togi. Skal Fiskistofu sent afrit af afladagbókunum eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum lýkur.

Þegar kolmunni er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0.05

#### 5. gr.

Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stykki af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnuninni í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

#### 6. gr.

Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

#### 7. gr.

Um tilkynningar við kolmunnaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar nr. 477/1999, um veiðieftirlit á samningssvæði (NEAFC) Norðaustur-Atlantshafsfiskveiði-

nefndarinnar með síðari breytingum og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu. Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan fær-eysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

## 8. gr.

Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan kolmunnaafla í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram kolmunnaafli skipsins sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Færeyja.

## 9. gr.

Kolmunnaafla skal landað og hann veginn í íslenskrri höfn. Þó er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa kolmunnaafla til bræðslu í fiskimjölsverksmiðju í erlendri höfn, enda liggi fyrir að eftirlit með löndun og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Um vigtun á kolmunna gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 522/1998, um vigtun sjávarafla með síðari breytingum.

## 10. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

## 11. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 171, 2. febrúar 2005, um togveiðar á kolmunna.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 27. maí 2005.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Rimi, Bláskógabyggð.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 23. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012 frá 22. nóvember 2001.

Breytingin felst í því að um 5 ha svæði við Rima í landi Torfastaða breytist úr svæði fyrir frístundabyggð í landbúnaðarsvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Bláskógabyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfissráðuneytinu, 23. maí 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Reykjavíkurveg 3 í Hafnarfirði.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum þann 19. apríl 2005 breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Reykjavíkurveg 3 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að núverandi lóð á Reykjavíkurvegi 3 skiptist í tvær lóðir Reykjavíkurveg 3 og Kirkjuveg 2 með möguleika á nýbyggingu á lóð nr. 2 við Kirkjuveg. Báðar lóðir eru með aðkomu frá Kirkjuvegi. Farið var með breytinguna samkv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun. Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfis- og tæknisviði Hafnarfjarðar, 30. maí 2005.*

**Bjarki Jóhannesson** sviðsstjóri.

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag í landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg.

*Deiliskipulag búgarða í landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum, hefur bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 9. febrúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir búgarðabyggð í landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan er sett fram í mkv. 1:2000/1:20000 þann 4. mars 2005 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 23. mars 2005 til og með 20. apríl 2005, með athugasemdafresti til og með 4. maí 2005.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillöguna hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

*Selfossi, 23. maí 2005.*

**Grétar Zóphaniásson**, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.



# REGLUGERÐ

## um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa.

1. gr.

### Markmið.

Markmiðið með þessari reglugerð er að mæla fyrir um samræmt stig sérkrafna um stöðugleika fyrir ekjufarþegaskip sem mun bæta eiginleika þessarar tegundar skipa til að þola áraun í kjölfar tjóns af völdum áreksturs og tryggja fyllsta öryggi farþega og áhafnar.

2. gr.

### Skilgreiningar.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- a) „ekjufarþegaskip“: skip, sem flytur fleiri en 12 farþega, með ekjufarmrými eða sérstök rými eins og þau eru skilgreind í reglu II-2/3 í SOLAS-samþykktinni með áorðnum breytingum,
- b) „nýtt skip“: skip þar sem kjölurinn hefur verið lagður eða smíði er á svipuðu stigi 1. október 2004 eða síðar. Með smíði á svipuðu stigi er átt við að:
  - i) smíði tiltekins skips sé greinilega hafin og
  - ii) samsetning skipsins sé hafin og það sé orðið að minnsta kosti 50 tonn að þyngd eða 1% af áætluðum heildarþunga alls smíðaefnisins, eftir því hvort er minna,
- c) „gamalt skip“: skip sem er ekki nýtt,
- d) „farþegi“: einstaklingur annar en skipstjóri og skipverjar eða þeir aðrir sem eru ráðnir til tiltekinna starfa um borð eða gegna einhverri stöðu um borð í skipi í þágu þess, þó ekki börn undir eins árs aldri,
- e) „alþjóðasamningur“: alþjóðasamningur um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS-samþykktin), alþjóðasamningur um hleðslumerki skipa frá 1966, ásamt tilheyrandi bókunum og breytingum sem eru í gildi,
- f) „áætlunarferðir“: röð siglinga ekjufarþegaskipa milli tveggja eða fleiri hafna, annaðhvort:
  - i) samkvæmt áætlun eða
  - ii) með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða,
- g) „Stokkhólmssamningurinn“: samningur sem var gerður í Stokkhólmi 28. febrúar 1996 skv. 14. ályktun ráðstefnu SOLAS 95, „svæðisbundnir samningar um sérkröfur um stöðugleika fyrir ekjufarþegaskip“ sem samþykkt var 29. nóvember 1995,
- h) „stjórnvald fánaríkis“: lögbær yfirvöld ríkis sem ekjufarþegaskipinu er heimilt að sigla undir fána hjá,
- i) „gistiríki“: aðildarríki þar sem þær hafnir eru sem ekjufarþegaskip siglir til eða frá í áætlunarsiglingum,
- j) „millilandasiglingar“: siglingar frá höfn aðildarríkis til hafnar utan þess aðildarríkis eða öfugt,
- k) „sérkröfur um stöðugleika“: kröfur um stöðugleika sem settar eru fram í I. viðauka,
- l) „hæð kenniöldu“ („hs“): meðalhæð þriðjungs hæstu mældrar öldu á tilteknu tímabili,
- m) „afgangsfriðborð“ („fr“): lágmarksfjarlægð á milli laskaða ekjuþilfarsins og endanlegrar vatnslínu á þeim stað þar sem tjónið átti sér stað án þess að tillit sé tekið til viðbótaráhrifa uppsöfnunar sjávar á laskaða ekjuþilfarinu.

## 3. gr.

**Gildissvið.**

Þessi reglugerð tekur til allra ekjufarþegaskipa, í millilandasiglinum, í föstum áætlunarferðum til eða frá höfnum á Íslandi, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla.

Siglingastofnun Íslands skal ganga úr skugga um að ekjufarþegaskip sem sigla undir fána annars ríkis, fullnægi kröfum þessarar reglugerðar að öllu leyti áður en þau hefja siglingar til eða frá höfnum á Íslandi, í samræmi við 4. gr. reglugerðar um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001, með síðari breytingum.

## 4. gr.

**Hæð kenniöldu.**

Nota skal hæð kenniöldu ( $h_s$ ) til að ákvarða þá vatnshæð á bílaþilfari sem er notuð við beitingu sérkrafanna um stöðugleika í I. viðauka. Líkurnar á því að ölduhæð fari yfir hæðargildi kenniöldunnar skulu vera innan við 10% á ársgrundvelli.

## 5. gr.

**Hafsvæði.**

1. Siglingastofnun Íslands skal gera skrá yfir hafsvæði sem ekjufarþegaskip sigla um í föstum áætlunarferðum til eða frá höfnum Íslands ásamt samsvarandi hæðargildum kenniöldu þessara svæða.
2. Siglingastofnun Íslands og siglingayfirvöld annarra EES-ríkja eða, ef við á og það er mögulegt, Siglingastofnun Íslands og siglingayfirvöld ríkja utan EES á hvorum enda siglingaleiðarinnar skulu saman skilgreina hafsvæðin og viðeigandi hæðargildi kenniöldu á svæðunum. Ef siglingaleið skips nær yfir fleiri en eitt hafsvæði skal skipið fullnægja sérkröfum um stöðugleika að því er varðar hæsta hæðargildi kenniöldu sem er tilgreint fyrir þessi svæði.
3. Tilkynna skal Eftirlitsstofnun EFTA um skrána og birta hana á heimasíðu Siglingastofnunar Íslands. Einnig skal tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA hvar þessar upplýsingar er að finna ásamt hvers kyns uppfærslum sem kunna að vera gerðar á skránni og ástæður slíkra uppfærslna.

## 6. gr.

**Sérkröfur um stöðugleika.**

1. Öll ekjufarþegaskip, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., skulu fullnægja kröfum um stöðugleika sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, sbr. þó kröfur reglu II-1/B/8 í SOLAS-samþykktinni (SOLAS 90-staðall) að því er varðar vatnspétt niðurhólfunarþil og stöðugleika í löskuðu ástandi.
2. Þegar ekjufarþegaskip starfa eingöngu á hafsvæði þar sem hæð kenniöldu er 1,5 m eða lægri skal litið svo á að sé kröfunum í reglunni, sem um getur í 1. mgr., fullnægt þá jafngildi það því að sérkröfunum um stöðugleika í I. viðauka sé fullnægt.
3. Þegar kröfunum í I. viðauka er beitt skal Siglingastofnun Íslands nota viðmiðunarreglur II. viðauka svo framfarlega sem því verður við komið og það samræmist hönnun skipsins sem um ræðir.

## 7. gr.

**Innleiðing sérkrafna um stöðugleika.**

1. Ný ekjufarþegaskip skulu fullnægja sérkröfum um stöðugleika í I. viðauka.
2. Gömul ekjufarþegaskip, að undanskildum þeim skipum sem heyra undir 2. mgr. 6. gr., skulu fullnægja sérkröfum um stöðugleika í I. viðauka eigi síðar en 1. október 2010.

Gömul ekjufarþegaskip, sem 17. maí 2003 fullnægja kröfunum í reglunni sem um getur í 1. mgr. 6. gr., skulu fullnægja sérkröfum um stöðugleika í I. viðauka eigi síðar en 1. október 2015.

- Þessi grein hefur ekki áhrif á beitingu e-liðar 1. tölul. 4. gr. reglugerðar um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001, með síðari breytingum.

#### 8. gr.

##### **Skírteini.**

- Öll ný og gömul ekjufarþegaskip, sem sigla undir fána EES-ríkis, skulu hafa um borð skírteini sem staðfestir samræmi við sérkröfurnar um stöðugleika í 6. gr. og I. viðauka. Þetta skírteini, sem heimilt er að sameina öðrum svipuðum skírteinum, skal gefið út af stjórnvaldi fánaríkisins og í því skal tilgreina hæð þeirrar kenniöldu þar sem skipið getur uppfyllt sérkröfur um stöðugleika. Skírteinið skal gilda þann tíma sem skipið er í rekstri á hafsvæði þar sem hæðargildi kenniöldu er hið sama eða lægra.
- Siglingastofnun Íslands skal viðurkenna skírteini sem annað EES-ríki gefur út samkvæmt þessari tilskipun.
- Siglingastofnun Íslands skal viðurkenna skírteini sem ríki utan EES gefur út sem sýnir fram á að skip fullnægi sérkröfum um stöðugleika sem ákvarðaðar hafa verið.

#### 9. gr.

##### **Árstíðabundinn rekstur og rekstur til styttri tíma.**

- Ef skipafélag, sem býður upp á áætlunarferðir árið um kring, óskar eftir að bæta við ekjufarþegaskipum til að nýta þau í þessar áætlunarferðir í stuttan tíma skal það tilkynna Siglingastofnun Íslands um það eigi síðar en einum mánuði áður en skipin hefja þessar áætlunarferðir. Ef nauðsynlegt er vegna ófyrirséðra ástæðna að skipta út í skyndi ekjuferþegaskipi í stað annars til að tryggja áframhaldandi þjónustu gilda ákvæði reglugerðar um skoðanir ekjuferja og háhraðafarþegafara í millilandasiglingum, nr. 743/2001, með síðari breytingum.
- Ef skipafélag óskar eftir því að bjóða upp á árstíðabundnar áætlunarsiglingar í styttri tíma en sex mánuði á ári skal það tilkynna Siglingastofnun Íslands um það eigi síðar en þremur mánuðum áður en slík þjónusta hefst.
- Ef slíkar áætlunarsiglingar eru stundaðar við aðstæður þar sem hæð kenniöldu er lægri en sú sem ákvörðuð var fyrir sama hafsvæði vegna áætlunarsiglinga árið um kring, er Siglingastofnun Íslands heimilt að nota hæðargildi kenniöldu fyrir þetta styttra tímabil til að ákvarða vatnshæð á þilfarinu þegar sérkröfur um stöðugleika í I. viðauka gilda. Siglingastofnun Íslands og siglingayfirvöld annarra EES-ríkja eða, ef við á og það er mögulegt, Siglingastofnun Íslands og siglingayfirvöld ríkja utan EES á hvorum enda siglingaleiðarinnar skulu saman skilgreina viðeigandi hæðargildi kenniöldu fyrir þetta styttra tímabil.
- Þegar Siglingastofnun Íslands hefur komist að samkomulagi um rekstur í skilningi 1. og 2. tölul. er þess krafist að ekjufarþegaskip hafi um borð skírteini sem staðfestir samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar eins og kveðið er á um í 1. tölul. 8. gr.

#### 10. gr.

##### **Viðurlög.**

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt VII. kafla laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003.

## 11. gr.

**Gildistaka o.fl.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 47/2003, öðlast þegar gildi.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/25/EB frá 14. apríl 2003 um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa, sem vísað er til í XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2003.

*Samgönguráðuneytinu, 23. maí 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Unnur Gunnarsdóttir.*

## I. VIÐAUKI

**Sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa,**

sem um getur í 6. gr.

1. Til viðbótar við kröfu reglu II-1/B/8 í SOLAS-samþykktinni, að því er varðar vatnspétta niðurrhólfun og stöðugleika í löskuðu ástandi, skulu öll ekjufarþegaskip, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., fullnægja kröfum þessa viðauka.
- 1.1. Uppfylla skal ákvæði reglu II-1/B/8.2.3 með tilliti til áhrifa ímyndaðs magns sjávar sem gert er ráð fyrir að safnast hafi fyrir á fyrsta þilfari yfir hönnunarvatnslínu ekjufarmrýmisins eða í sérstöku rými, eins og skilgreint er í reglu II-2/3, og sem gert er ráð fyrir að hafi laskast (hér á eftir kallað „laskaða ekjuþilfarið“). Ekki þarf að uppfylla aðrar kröfur reglu II-1/B/8 þegar beitt er staðli um stöðugleika í þessum viðauka. Reikna skal magn áætlaðs uppsafnaðs sjávar út frá vatnsyfirborði:
  - a) með fastri hæð yfir lægsta punkti þilfarsbrúnar laskaða hólfins á ekjuþilfarinu eða
  - b) þegar þilfarsbrún laskaða hólfins er á kafi í vatni byggist útreikningurinn á fastri hæð sem er yfir kyrru vatnsyfirborði á öllum hornum hliðar- og stafnhalla, á eftirfarandi hátt:
    - 0,5 m ef afgangsfriðborðið ( $f_r$ ) er 0,3 m eða minna,
    - 0,0 m ef afgangsfriðborðið ( $f_r$ ) er 2,0 m eða meira og
    - ákværða skal meðalgildið með línulegum innreikningi ef afgangsfriðborðið ( $f_r$ ) er 0,3 m eða meira en minna en 2,0 m,
 þar sem afgangsfriðborðið ( $f_r$ ) er lágmarksfjarlægð á milli laskaða ekjuþilfarsins og endanlegrar vatnslínu á tjónsstaðnum, í því tjónstilviki sem er til skoðunar, án þess að tillit sé tekið til áhrifa áætlaðs, uppsafnaðs vatnsmagns á laskaða ekjuþilfarinu.
- 1.2. Þegar sett er upp afar afkastamikil frárennsliskerfi er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að minnka hæð vatnsyfirborðsins.
- 1.3. Þegar skip starfa á landfræðilega afmörkuðum svæðum er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að minnka hæð vatnsyfirborðsins, sem er ákvörðuð í samræmi við lið 1.1, með því að setja eftirfarandi hæð í stað hennar:
  - 1.3.1. 0,0 m ef hæð dæmigerðrar kenniöldu ( $h_s$ ) fyrir viðkomandi svæði er 1,5 m eða lægri,
  - 1.3.2. gildið, sem er ákværðað í samræmi við lið 1.1, ef hæð dæmigerðrar kenniöldu ( $h_s$ ) fyrir viðkomandi svæði er 4,0 m eða hærri,
  - 1.3.3. meðalgildi, sem eru ákvörðuð með línulegum innreikningi, ef hæð dæmigerðrar kenni-

öldu ( $h_s$ ) fyrir viðkomandi svæði er 1,5 m eða hærri en lægri en 4,0 m, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

- 1.3.4. að stjórnvald fánaríkis sé þess fullvisst að líkurnar á því að dæmigerð ölduhæð fari yfir hæð kenniöldu ( $h_s$ ) fyrir viðkomandi svæði sé ekki meiri en 10% og
  - 1.3.5. að farsvið og, ef við á, sá hluti ársins sem tiltekið gildi sem hefur verið ákvarðað að því er varðar hæð kenniöldu ( $h_s$ ), séu tilgreind í skírteinunum.
  - 1.4. Í stað þess að miða við kröfurnar í lið 1.1 eða 1.3 er stjórnvaldi fánaríkis heimilt að veita undanþágur frá því að uppfylla kröfur í lið 1.1 eða 1.3 og samþykkja gögn sem byggjast á prófunum með líkani, sem eru framkvæmdar fyrir hvert skip í samræmi við aðferðina við prófun með líkani í viðbætinum, þar sem færð eru rök fyrir því að skipinu muni ekki hvolfa þrátt fyrir umfang hins áætlaða tjóns, sem kveðið er á um í reglu II-1/B/8.4, á versta hugsanlega stað samkvæmt lið 1.1, í óreglulegri öldu og
  - 1.5. að tilvísun í viðurkenningu þess efnis að niðurstöður prófunar með líkaninu jafngildi að farið sé að ákvæðum liðar 1.1 eða 1.3 og að hæðargildi kenniöldunnar ( $h_s$ ), sem er notað í prófunum með líkani, sé færð inn í skírteini skipsins.
  - 1.6. Upplýsingarnar, sem skipstjórinn fær í hendur í samræmi við reglur II-1/B/8.7.1 og II-1/B/8.7.2, eins og þær hafa verið útfærðar til að uppfylla reglur II-1/B/8.2.3 til II-1/B/8.2.3.4, skulu gilda óbreyttar fyrir ekjufarþegaskip sem hafa verið viðurkennd í samræmi við þessar kröfur.
2. Til að meta áhrif af því magni af sjó sem gert er ráð fyrir að safnist fyrir á laskaða ekjuþilfarinu, sem fjallað er um í 1. mgr., skulu eftirfarandi ákvæði gilda:
    - 2.1. Þverskips- eða langskipsþil telst óskaddað ef allir hlutar þess eru innanborðs miðað við lóðréttu fleti á báðum hliðum skipsins og eru í fjarlægð sem nemur 1/5 af breidd skipsins frá byrðingnum, eins og skilgreint er í reglu II-1/2, og skal þessi fjarlægð mæld hornrétt á miðlínu skipsins við dýpsta (efsta) hleðslumerki niðurrhólfunarinnar,
    - 2.2. Í þeim tilvikum þegar skipsbolurinn hefur að hluta til verið breikkaður til að samrýmast ákvæðum þessa viðauka skal nota hækkað gildi miðað við 1/5 af breidd skipsins en það skal ekki hafa áhrif á staðsetningu gegnumtaka í þiljum, lagnakerfa o.s.frv., sem búið var að samþykkja áður en breikkunin átti sér stað,
    - 2.3. Þéttleiki allra þverskips- eða langskipsþilja, sem litið er svo á að gagnist til að afmarka áætlaðan, uppsafnaðan sjó í viðkomandi hólfi á laskaða ekjuþilfarinu, skal vera í réttu hlutfalli við frárennisliskerfið og skal standast vatnsþrýstiprófun í samræmi við niðurstöðu tjónaútreiknings. Slík þil skulu vera a.m.k. 2,2 m á hæð. Ef um er að ræða skip með hengiþilfar fyrir bíla skal lágmarkshæð þilsins þó ekki vera lægri en hæð hengiþilfarsins að neðanverðu þegar það er í lækkaðri stöðu.
    - 2.4. Í sérstökum tilvikum, eins og þegar um er að ræða hengiþilför í fullri breidd og með breiðum hliðarhlífum, er heimilt að samþykkja aðrar þilhæðir á grundvelli nákvæmra prófana með líkani,
    - 2.5. ekki þarf að taka tillit til áhrifa áætlaðs, uppsafnaðs sjávar í hólfum laskaða ekjuþilfarsins að því tilskildu að slíkt hólf hafi á öllum hliðum þilfarsins austurop sem er deilt jafnt niður eftir hliðum hólsins og sem uppfylla eftirfarandi:
      - 2.5.1.  $A \geq 0,3 l$   
þar sem A er heildarflatarmál austuropanna á hverri hlið þilfarsins í  $m^2$  og l er lengd hólsins í m,
      - 2.5.2. skipið skal halda a.m.k. 1,0 m afgangsríborði við versta laskaða ástand án þess að tillit sé tekið til áhrifa áætlaðs vatnsmagns á laskaða ekjuþilfarinu og
      - 2.5.3. slík austurop skulu staðsett í minna en 0,6 m hæð fyrir ofan laskaða ekjuþilfarið og lægri brún opanna skal vera innan við 2 cm fyrir ofan laskaða ekjuþilfarið og

- 2.5.4. slík austurop skulu búin lokunarbúnaði eða spjaldlokum til að koma í veg fyrir að vatn komist inn á ekjuþilfarið á meðan vatni sem kann að safnast fyrir á ekjuþilfarinu er dælt út.
- 2.6. Ef talið er að þil fyrir ofan ekjuþilfarið sé laskað skal gera ráð fyrir því að bæði hólfín, sem afmarkast af þilinu, séu fyllt af vatni upp að sömu hæð og vatnsyfirborðið sem reiknað er út í lið 1.1 eða 1.3.
3. Þegar hæð kenniöldu er ákvörðuð skal miðað við ölduhæð sem er tilgreind á sjókortum eða skrá yfir hafsvæði sem aðildarríkin hafa útbúið í samræmi við 5. gr. þessarar tilskipunar.
- 3.1. Stjórnvald gistiríkis skal ákvarða hæð kenniöldu fyrir skip, sem stunda einungis siglingar hluta úr árinu, í samráði við landið þar sem skipið kemur í höfn á siglingaleiðinni.
4. Prófanir með líkani skulu fara fram í samræmi við viðbættinn.

#### Viðbættir

#### Prófunaraðferð með líkani.

##### 1. Markmið.

Í prófununum, sem kveðið er á um í lið 1.4 í kröfum um stöðugleika í I. viðauka, skal skipið geta staðist sjólag, eins og skilgreint er í lið 3 hér á eftir, við verstu hugsanlegu tjónaáðstæður.

##### 2. Skipslíkan.

- 2.1. Líkanið skal vera eftirlíking af skipinu sjálfu að því er varðar ytri lögun og innra fyrirkomulag, einkum öll löskuð rými sem hafa áhrif á innflæði og það hvernig skipið tekur á sig sjó og ágjöf. Tjónið skal vera dæmi um versta hugsanlega tjónstilvik til að uppfylla reglu II-1/B/8.2.3.2 í SOLAS-samþykktinni. Krafið er viðbótarprófunar án stafnhalla við tjón miðskipa ef staðsetning mesta skaðans, í samræmi við SOLAS 90-staðalinn, er utan sviðsins  $\pm 10\%$  Lpp frá miðskipi. Einungis er krafið þessarar viðbótarprófunar þegar áætlað er að ekjurými séu löskuð.
- 2.2. Líkanið skal vera í samræmi við eftirfarandi:
  - 2.2.1. lengd milli lóðlína (Lpp) skal vera a.m.k. 3 m,
  - 2.2.2. bolurinn skal vera nægilega þunnur á þeim stöðum þar sem þessi þáttur hefur áhrif á niðurstöðurnar,
  - 2.2.3. Líkja skal rétt eftir eiginlegum hreyfingum skipsins sjálfs og huga sérstaklega að kvörðun snúningshreyfinga skipsins þegar það veltur og heggur í ölduna. Djúprista, stafnhalli, hliðarhalli og þungamiðja skulu vera dæmigerð fyrir versta tjónstilvik,
  - 2.2.4. Líkja skal rétt eftir helstu hönnunareinkennum, eftir því sem við verður komið, eins og vatnsþéttum þiljum, loftopum o.s.frv., fyrir ofan og neðan skilrúmsþilfarið sem getur haft í för með sér ósamhverft innflæði vatns,
  - 2.2.5. Lögun gats af völdum tjóns skal vera eftirfarandi:
    - 2.2.5.1. rétthyrndur þverskurður af þeirri breidd sem tilgreind er í reglu II-1/B/8.4.1 í SOLAS-samþykktinni með ótakmarkað, lóðrétt umfang,
    - 2.2.5.2. þverskurður af jafnarma þríhyrningi í láréttu plani af hæð sem er jöfn og B/5 samkvæmt reglu II-1/B/8.4.2 í SOLAS-samþykktinni.

##### 3. Aðferð við tilraunir.

- 3.1. Líkanið skal prófað við óreglulegar öldur með löngum öldufaldi sem eru skilgreindar

með Jonswap-rófinu með hæð kenniöldu  $h_s$ , sem er skilgreind í lið 1.3 í kröfum um stöðugleika, og með mögnunarstuðli  $\gamma$  og sveiflutíma orkutopps öldunnar  $T_p$  sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

- 3.1.1.  $T_p = 4\sqrt{h_s}$  með  $\gamma = 3,3$  og
- 3.1.2.  $T_p$  er jafnt og eiginsveiflutími veltu laskaða skipsins án vatns á þilfari við sérstakar álagsaðstæður en ekki hærra en  $6\sqrt{h_s}$  og með  $\gamma = 1$ .
- 3.2. Líkanið á að geta rekið hindrunarlaust og skal verða fyrir hliðaröldu (þvert á siglda stefnu) þannig að gatið sem myndaðist við skemmdina snúi upp í ölduna. Líkaninu skal ekki haldið föstu þannig að komið sé í veg fyrir að því hvolfi. Ef skipið er á réttum kili eftir að flætt hefur inn í það skal halla því um  $1^\circ$  í áttina að skemmdinni.
- 3.3. Gera skal a.m.k. fimm tilraunir fyrir hvert sjólag þar sem sjólagið einkennist af sveiflutíma orkutopps. Prófunartímabil hverrar keyrslu skal vara þar til stöðugu ástandi er náð, þó skal það ekki vera styttra en 30 mínútur í fullum kvarða. Nota skal mismunandi sjólag í hverri prófun.
- 3.4. Ef engin af tilraununum leiðir af sér að skipið hallast loks í átt að skemmdinni skal endurtaka hverja tilraun með fimm keyrslum í tvenns konar sjólagi sem tilgreint er eða að öðrum kosti ætti að halla líkaninu um eina gráðu til viðbótar í átt að skemmdinni og endurtaka tilraunina með tveimur keyrslum í umræddu, tvenns konar sjólagi. Tilgangurinn með þessum viðbótartilraunum er að sýna fram á, eins vel og unnt er, hæfileika skipsins til að þola áraun þannig að því hvolfi ekki á aðra hvora hliðina.
- 3.5. Prófanir skulu fara fram fyrir eftirfarandi tjónstilvik:
  - 3.5.1. versta hugsanlega tjónstilvik að því er varðar flatarmálið undir GZ-boglnunni samkvæmt SOLAS-samþykktinni og
  - 3.5.2. versta hugsanlega tjónstilvik miðskipa með tilliti til afgangsrifrborðs miðskipa ef þess er krafist samkvæmt lið 2.1.

#### 4. Viðmiðanir fyrir það hvernig skipinu reiðir af.

Skipið telst hafa komist af ef stöðugu ástandi þess er náð við röð prófana, sem krafist er samkvæmt lið 3.3, að því tilskildu að veltur sem fara yfir  $30^\circ$  miðað við lóðrétta ásinn eigi sér stað í meira en 20% tilvika í veltuhringum eða ef stöðugur halli fer yfir  $20^\circ$  teljist skipinu hafa hvolft jafnvel þótt stöðugu ástandi hafi verið náð.

#### 5. Viðurkenning á prófun.

- 5.1. Tillögur að prófunaráætlun með líkani skal leggja fyrir stjórnvald gistiríkisins til viðurkenningar áður en henni er hrint í framkvæmd. Einnig ber að hafa það í huga að minni háttar tjónstilvik geta haft í för með sér verstu hugsanlegu tjónsaðstæður.
- 5.2. Skrásetja skal prófunina með skýrslu og myndbandsupptöku eða með hjálp annars sjónrens miðils sem inniheldur allar viðeigandi upplýsingar um skipið og niðurstöður prófunarinnar.

## II. VIÐAUKI

### Leiðbeinandi viðmiðunarreglur fyrir innlend stjórnvöld,

sem um getur í 3. mgr. 6. gr.

#### I. HLUTI

##### Beiting.

Í samræmi við ákvæði 3. mgr. 6. gr. þessarar tilskipunar skulu innlend stjórnvöld aðildarríkjanna nota þessar viðmiðunarreglur við beitingu sérstöku krafanna um stöðugleika, sem

settar eru fram í I. viðauka, að því marki sem það er framkvæmanlegt og í samræmi við hönnun viðkomandi skips. Númer liðanna hér á eftir vísa til samsvarandi liða í I. viðauka.

### 1. liður.

Fyrsta skrefið er að öll ekjufarþegaskip, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, uppfylli ákvæði SOLAS 90-staðalsins um afgangsstöðugleika þar eð hann gildir um öll farþegaskip sem eru smíðuð 29. apríl 1990 eða síðar. Þessi krafa skilgreinir afgangsfriðborð  $f_r$  sem er nauðsynlegt fyrir útreikninginn sem krafist er í lið 1.1.

#### Liður 1.1.

1. Í þessum lið er gengið út frá uppsöfnun ímyndaðs vatnsmagns á skilrúmsþilfarinu (ekjuþilfarinu). Gert er ráð fyrir því að vatnið hafi flætt inn á þilfarið í gegnum gat af völdum tjóns. Í þessum lið er þess krafist að skipið uppfylli allar kröfur SOLAS 90-staðalsins og þar að auki skal það uppfylla þann hluta SOLAS 90-viðmiðananna sem eru settar fram í liðum 2.3 til 2.3.4 í reglu II-1/B/8 með skilgreint vatnsmagn á þilfari. Við þessa útreikninga þarf ekki að taka tillit til neinna annarra krafna í reglu II-1/B/8. Skipið þarf t.d. fyrir þessa útreikninga ekki að uppfylla kröfur um jafnvæghorn eða að ekki megi flæða yfir kaflínu.
2. Uppsafnaða vatninu er bætt við sem fljótandi þunga með eitt sameiginlegt yfirborð í öllum hólfunum sem áætlað er að fyllst hafi af sjó á bílaþilfarinu. Hæð ( $h_w$ ) vatnsins á þilfarinu miðast við afgangsfriðborðið ( $f_r$ ) eftir tjónið og er hún mæld á tjónsstaðnum (sjá mynd 1). Afgangsfriðborðið er lágmarksfjarlægðin á milli laskaða ekjuþilfarsins og endanlegrar vatnslínu (að loknum útjöfnunarráðstöfunum ef gripið er til þeirra) á áætluðum tjónsstað að lokinni skoðun á öllum hugsanlegum tjónsaðstaðum að því er varðar ákvæði um að uppfylla kröfur SOLAS 90-staðalsins eins og krafist er í 1. lið í I. viðauka. Ekki skal taka tillit til áhrifa ímyndaðs vatnsmagns, sem áætlað er að hafi safnast fyrir á laskaða ekjuþilfarinu, þegar  $f_r$  er reiknað út.
3. Ef  $f_r$  er 2,0 m eða meira er álitnið að ekkert vatn safnist fyrir á ekjuþilfarinu. Ef  $f_r$  er 0,3 m eða minna er áætlað að hæðin  $h_w$  sé 0,5 m. Meðalgildi vatnshæðar er fundið með línulegum innreikningi (sjá mynd 2).

#### Liður 1.2.

Búnaður til að dæla burt vatni telst einungis fullnægjandi ef hann er nógu afkastamikill til að koma í veg fyrir að mikið magn af vatni safnist upp á þilfarinu, þ.e. mörg þúsund tonn á klukkustund, sem er langt umfram afkastagetu þess búnaðar sem er fyrir hendi þegar þessar reglur eru samþykktar. Slík háafkastadælukerfi kunna að verða þróuð og viðurkennd í framtíðinni (byggð á viðmiðunarreglum Alþjóðsiglingamálastofnunarinnar).

#### Liður 1.3.

1. Heimilt er að minnka magn vatns sem áætlað er að safnist fyrir á þilfari til viðbótar við það sem segir í lið 1.1 að því er varðar skip sem starfa á landfræðilega afmörkuðum svæðum. Þessi svæði eru skilgreind í samræmi við hæð kenniöldu ( $h_s$ ) sem afmarkar svæðið í samræmi við ákvæði 5. gr. þessarar tilskipunar.
2. Ef hæð kenniöldu ( $h_s$ ) á viðkomandi svæði er 1,5 m eða lægri er ekki álitnið að viðbótarvatn safnist upp á laskaða ekjuþilfarinu. Ef hæð kenniöldu á viðkomandi svæði er 4,0 m eða hærri skal hæð hins áætlaða vatnsyfirborðs vera það gildi sem reiknað er út í samræmi við lið 1.1. Meðalgildin skulu ákvörðuð með línulegum innreikningi (sjá mynd 3).
3. Hæðinni ( $h_w$ ) er haldið stöðugri og því er magn viðbættis vatns breytilegt þar sem það



miðast við hallahornið og hvort þilfarsbrúin fari í kaf eða ekki við eitthvert tiltekið hallahorn (sjá mynd 4). Einnig ber að geta þess að áætlaður þéttleiki rýmis á bílaþilfarinu skal vera 90% (sbr. umburðarbréf siglingaöryggisnefndar, MSC/Circ. nr. 649) en áætlaður þéttleiki annarra rýma skal vera eins og mælt er fyrir um í SOLAS-samþykktinni.

4. Ef útreikningarnir, sem eiga að sýna að kröfur þessarar tilskipunar séu uppfylltar, tengjast hæð kenniöldu sem er lægri en 4,0 m skal skrá hæð þessarar takmarkandi kenniöldu í öryggisskírteini farþegaskips.

#### *Liðir 1.4. og 1.5.*

Í stað þess að krefjast þess að skip uppfylli nýju kröfurnar um stöðugleika í lið 1.1 eða 1.3 er stjórnvöldum heimilt að viðurkenna sönnunargögn um samræmi á grundvelli prófana með líkani. Fjallað er ítarlega um kröfur um prófun með líkani í viðbætinum við I. viðauka. Leiðbeiningar um prófanir með líkani er að finna í II. hluta þessa viðauka.

#### *Liður 1.6.*

Ekki er öruggt að reksturtakmarkandi hámarksboglína eða -línur (KG eða GM), sem eru reiknaðar út á hefðbundinn hátt samkvæmt SOLAS 90-staðlinum, gildi áfram í þeim tilvikum þar sem álitid er að vatn sé á þilfari samkvæmt þessari tilskipun og því kann að vera nauðsynlegt að endurskoða útreikninga á takmarkandi hámarksboglínunni eða -línunum þar sem tekið er tillit til áhrifa vatnsins sem bætist við. Í þessu skyni skal gera fullnægjandi útreikninga miðað við nægilegan fjölda tilvika djúpristu og stafnhalla í rekstri.

Athugasemd: Hægt er að reikna út endurskoðaða KG- eða GM-ferilinn fyrir rekstrartakmörk með ítrun þar sem lágmarksgildi umfram GM, sem er afrakstur af útreikningi á lekastöðugleika með vatni á þilfari, er bætt við KG (eða dregið frá GM) sem er notað til að ákvarða laskaða fríborðið ( $f_r$ ) sem vatnsmagnið á þilfarinu byggist á. Þessi aðferð er síðan endurtekin þar til umfram GM verður óverulegt.

Búist er við að rekstraraðilar hefji slíka ítrun með hámarks KG/lágmarks GM sem líklegt má telja að unnt sé að viðhalda á siglingu og því næst myndu þeir reyna að breyta fyrirkomulagi skilrúmsþilfarsins til að lágmarka umfram GM sem fæst við útreikninga á lekastöðugleika með vatn á þilfari.

#### *Liður 2.1.*

Að því er varðar hefðbundnar tjónsviðmiðanir samkvæmt SOLAS-samþykktinni er litið svo á að þilin, sem eru innan B/5 línu, séu ósködduð ef um er að ræða tjón af völdum hliðar-áreksturs.

#### *Liður 2.2.*

Ef hliðarhylkjum er komið fyrir á skipinu til að uppfylla reglu II-1/B/8, sem veldur því að breidd (B) skipsins verður meiri fyrir vikið og fjarlægðin B/5 frá skipshliðinni eykst þar með, skulu slíkar breytingar ekki hafa í för með sér að færa þurfi til fyrirliggjandi burðarvirki eða gegnumtök í vatnspéttum þverskilrúmunum sem liggja eftir skipinu fyrir neðan skilrúmsþilfarið (sjá mynd 5).

#### *Liður 2.3.*

1. Ekki er nauðsynlegt að þverskips- eða langskipsþil eða -hindranir, sem komið er fyrir til að takmarka hreyfingar hins áætlaða, uppsafnaða vatns á laskaða ekjuþilfarinu, séu algjörlega vatnspétt. Ekki eru gerðar athugasemdir vegna lítilsháttar leka að því tilskildu að dælubúnaður geti komið í veg fyrir uppsöfnun vatns hinum megin við þilið eða hindr-

unina. Í þeim tilvikum þegar austurop verða óvirk vegna þess að ekki er nægur jákvæður munur á vatnshæð þarf að útvega annan búnað til að dæla vatninu burt.

2. Hæð ( $B_H$ ) þverskips- eða langskipsþilja eða -hindrana skal ekki vera undir ( $8 \times h_w$ ) metrum þar sem  $h_w$  er hæð uppsafnaða vatnsins sem er reiknuð út frá afgangsríbordi og hæð kenniöldu (sem um getur í liðum 1.1 og 1.3). Þó skal hæð þilsins/hindrunarinnar í öllum tilvikum vera lægri en það sem hærra er af eftirtöldu:

a) 2,2 metrar eða

b) hæðin á milli skilrúmsþilfarsins og lægri punkts á neðanverðri grind milli- eða hengiþilfara fyrir bíla þegar þau eru í lægstu stöðu. Tekið skal fram að loka skal öllum opum á milli efstu brúnar þilsins og neðanverðrar klæðningarinnar, þverskips eða langskips, eins og við á (sjá mynd 6).

Heimilt er að samþykkja þil eða hindranir, sem eru lægri en tilgreint er að framan, ef prófanir með líkani eru gerðar í samræmi við II. hluta þessa viðauka til að staðfesta að annars konar hönnun tryggji að skipið þoli áraun svo viðunandi sé. Þegar hæð þils eða hindrunar er ákvörðuð skal gæta þess að hæðin sé einnig fullnægjandi til að koma í veg fyrir stigvaxandi flæði innan marka endingar stöðugleikans sem krafist er. Prófanir með líkani skulu ekki hafa áhrif á þessa endingu.

Athugasemd: Heimilt er að draga úr endingunni um 10 gráður að því tilskildu að aukið sé við samsvarandi flatarmál undir boglínunum (sem um getur í umburðarbréfi siglingaöryggisnefndar, MSC nr. 64/22).

#### *Liður 2.5.1.*

Til flatarmálsins „A“ teljast varanleg op. Tekið skal fram að austurop eru ekki hentugur valkostur fyrir skip sem þurfa á að halda uppdrift yfirbyggingarinnar, í heild eða að hluta til, til að uppfylla viðmiðanirnar. Gerð er krafa um að austuropin séu búin spjaldlokum til að koma í veg fyrir að vatn komist inn en geri því kleift að renna burt.

Þessir lokar skulu ekki háðir virkum búnaði. Þeir skulu vera sjálfvirkir og sýna verður fram á að þeir takmarki ekki frástreymi að verulegu marki. Ef þeir draga úr skilvirkni að einhverju marki skal það bætt upp með því að setja viðbótarop til að flatarmálskrafan sé uppfyllt.

#### *Liður 2.5.2.*

Til að austuropin geti talist skilvirk skal lágmarksfjarlægð frá neðri brún austuropsins að löskuðu vatnslínunni vera a.m.k. 1,0 m. Við útreikning á lágmarksfjarlægð skal ekki taka til lit til áhrifa viðbótarvatns sem kann að vera á þilfarinu (sjá mynd 7).

#### *Liður 2.5.3.*

Austurop skulu staðsett eins lágt og mögulegt er á hliðarborðstokknum eða byrðingnum. Neðri brún austuropsins skal ekki vera meira en 2 cm yfir skilrúmsþilfarinu og efri brún opsins skal ekki vera hærra en 0,6 m (sjá mynd 8).

Athugasemd: Rými, sem fjallað er um í lið 2.5, þ.e. þau rými sem eru búin austuropum eða svipuðum opum, skulu ekki teljast með ósködduðum rýmum við útreikning á stöðugleikaboglínunum skips í ósködduðu og sködduðu ástandi.

#### *Liður 2.6.*

1. Lögboðnar viðmiðanir um umfang tjóns gilda um alla lengd skipsins. Tjónið má ekki hafa áhrif á nein þil eða það má einungis hafa áhrif á þil fyrir neðan skilrúmsþilfarið eða einungis þil fyrir ofan skilrúmsþilfarið eða mismunandi þiljasamsetningar allt eftir því hver niðurhólfunarstaðallinn er.
2. Öll þverskips- og langskipsþil eða -hindranir sem afmarka magn áætlaðs, uppsafnaðs vatns skulu ætíð vera á sínum stað og tryggilega fest þegar sjóferð skips stendur yfir.

3. Ef þverskipspil eða -hindrun eru löskuð skal hæð yfirborðs uppsafnaða vatnsins á þilfarinu beggja vegna laskaða þilsins eða hindrunarinnar vera sú sama, h<sub>w</sub> (sjá mynd 9).

## II. HLUTI

### Prófun með líkani.

Tilgangurinn með þessum viðmiðunarreglum er að tryggja að notaðar séu samræmdar aðferðir við að smíða og sannprófa líkön og einnig þegar gerðar eru tilraunir og greiningar á þeim en þó er tekið tillit til þess að fyrirbyggjandi aðstaða og kostnaður muni að nokkru leyti hafa áhrif á þetta samræmi.

Efni 1. liðar í viðbætinum við I. viðauka þarf ekki frekari skýringa við.

### Liður 2 – Skipslíkan.

- 2.1. Það skiptir ekki máli í sjálfu sér úr hvaða efni líkanið er smíðað að því tilskildu að það sé, bæði í ósködduðu og löskuðu ástandi, nægilega stíft til að tryggja að vatnsþrýstieiginleikar þess séu hinir sömu og hjá skipinu sjálfu og einnig að sveigja bolsins í öldugangi sé óveruleg.

Einnig er mikilvægt að tryggja að eftirlíkingin af löskuðu hólfunum sé hönnuð eins nákvæmlega og mögulegt er til að tryggja að vatnsmagnið sem flæðir inn sé dæmigert. Þar sem innstreymi vatns (jafnvel lítils magns) í óskaddaða hluta líkansins hefur áhrif á eiginleika þess skal gera ráðstafanir til að tryggja að slíkt innstreymi eigi sér ekki stað.

### 2.2. *Upplýsingar um líkanið.*

- 2.2.1. Stærðaráhrif skipta miklu máli varðandi það hvernig líkanið bregst við í prófunum og því er mikilvægt að tryggja að þessi áhrif verði eins lítil og mögulegt er. Líkanið skal vera eins stórt og mögulegt er þar sem auðveldara er að hanna nákvæmlega löskuð hólf í stórum líkönum og stærðaráhrifin verða minni. Því er mælt með að lengd líkansins sé ekki í minni kvarða en 1:40. Þess er þó krafist að líkanið sé ekki styttra en 3 metrar að lengd við hleðslumerki niðurrhólfunar.

- 2.2.2(a) Með tilliti til áorðinna skemmda skal líkanið vera eins léttbyggt og unnt er til að tryggja að vatnsmagnið sem flæðir inn og þungamiðja þess séu dæmigerð. Það er viðurkennt að það geti verið illmögulegt að smíða bol líkansins og hina ýmsu hluta aðal- og aukaniðurrhólfunarinnar á tjónsstaðnum með nægilegri nákvæmni og vegna þessara hönnunartakmarkana gæti verið ógerlegt að reikna nákvæmlega út áætlaðan þéttleika rýmisins.

- 2.2.2(b) Komið hefur í ljós við prófanirnar að lóðrétt umfang líkansins getur haft áhrif á niðurstöður hreyfiprófunar. Því er krafist að skipslíkanið sé með yfirbyggingu sem er a.m.k. þrjár staðlaðar hæðir yfir skilrúmsþilfarinu (fríborðsþilfari) þannig að stórar öldur brotni ekki yfir líkanið.

- 2.2.2(c) Mikilvægt er að djúprista sé ekki aðeins sannprófuð í ólöskuðu ástandi heldur einnig að djúprista laskaða líkansins sé mæld af nákvæmni til samanburðar við þá mælingu sem fékkst við útreikning á stöðugleika í löskuðu ástandi. Þegar djúprista í löskuðu ástandi hefur verið mæld gæti reynst nauðsynlegt að breyta þéttleika laskaða hólfins, annaðhvort með því að koma fyrir ósködduðum rýmum eða bæta við þyngd. Mikils er þó um vert að tryggja að þungamiðja vatnsmagnsins sé rétt svo það gefi rétta mynd af aðstæðum. Í því tilviki skulu allar breytingar vera innan öryggismarka.

- 2.2.2(d) Ef þess er krafist að líkön séu búin hindrunum á þilfari og ef hindranirnar eru undir þeirri hæð sem krafist er samkvæmt lið 2.3 í I. viðauka skal koma fyrir sjónvarpsmyndavélum á líkaninu til að unnt sé að fylgjast með því hvort vatn

skvettist yfir líkanið eða hvort vatn safnist fyrir á ólöskuðu svæði þilfarsins. Í þessu tilviki skal myndbandsupptaka af atburðinum vera hluti af prófunarniðurstöðum.

- 2.2.3. Til að tryggja að hreyfieiginleiki líkansins sé dæmigerður fyrir skipið sjálft er mikilvægt að líkanið hallist bæði og velti í ólöskuðu ástandi til að unnt sé að sannprófa ólaskað GM-gildi og massadreifingu.

Þverskipssnúningsradíus skipsins sjálfs skal ekki vera meiri en 0,4B og langskipssnúningsradíus skal ekki vera meiri en 0,25L.

Þverskipsveltitíðni líkansins fæst með:

$$\frac{2 \times \pi \times 0,4 \times B}{\sqrt{g \times GM \times \lambda}}$$

þar sem:

GM: málmiðjuhæð sjálfs (óskaddaða) skipsins

g: þyngdarhröðun

$\lambda$ : kvarði líkansins

B: breidd skipsins sjálfs.

Athugasemd:

Jafnvel þótt viðurkennt kunnir að vera að líkaninu sé hallað og velt í löskuðu ástandi í því skyni að sannprófa afgangsstöðugleikaboglnur koma slíkar prófanir ekki í stað prófana í ósködduðu ástandi.

Þó skal láta laskaða líkanið velta til að unnt sé að ákvarða veltitíðni sem krafist er fyrir prófanirnar samkvæmt lið 3.1.2.

- 2.2.4. Efni þessa liðar þarf ekki frekari skýringa við. Gengið er út frá því að loftræstis-tæki í laskaða hólfi skipsins sjálfs hindri hvorki innstreymi vatns né hreyfingar flæðivatnsins. Þegar reynt er að minnka hlutföll loftræstibúnaðar skipsins sjálfs getur það haft í för með sér óæskileg stærðaráhrif. Til að tryggja að sú verði ekki raunin er ráðlagt að láta smíða loftræstibúnaðinn í stærri hlutföllum en líkanið þannig að tryggt sé að það hafi ekki áhrif á flæði vatns inn á bílaþilfarið.

- 2.2.5. Þrístrendingslaga hliðarmynd gats af völdum tjóns er jafnarma þríhyrningur sem samsvarar hleðsluvatnslínunni.

Þar að auki ef hliðarhyllkjum, sem eru undir breiddinni B/5, er komið fyrir til að koma í veg fyrir öll hugsanleg stærðaráhrif skal lengd laskaða svæðisins við hliðarhyllkin vera a.m.k. 2 metrar.

### **Liður 3 – Aðferð við tilraunir.**

#### **3.1. Ölduróf.**

Nota skal Jonswap-rófið þar sem það lýsir sjólagi sem er háð lengd aðdrags og varanleika storms sem svarar til aðstæðna á flestum hafsvæðum heims. Í þessu tilliti er ekki einungis mikilvægt að sannprófa sveiflutíma orkutopps aldanna heldur einnig að meðalsveiflutími aldanna sé réttur.

- 3.1.1. Ef sveiflutími orkutopps er  $4\sqrt{h_s}$ , að því gefnu að mögnunarstuðull  $\gamma$  sé 3,3, skal meðalsveiflutími aldanna ekki vera meiri en:

$$\{T_p / (1,20 \text{ til } 1,28)\} \pm 5\%$$

- 3.1.2. Meðalsveiflutími aldanna, sem samsvarar öldum með sveiflutíðni orkutopps

sem er jöfn veltitíðni laskaða líkansins, að því gefnu að stuðull  $\gamma$  sé 1, skal ekki vera meiri en:


$$\{T_p / (1,3 \text{ til } 1,4)\} \pm 5\%,$$

þess ber þó að geta að ef veltitíðni laskaða líkansins er meiri en  $6\sqrt{h_s}$  má sveiflutíðni orkutoppsins ekki vera meiri en  $6\sqrt{h_s}$ .

Athugasemd:

Komið hefur í ljós að ógerlegt er að setja tiltekin mörk fyrir meðalsveiflutíma alda í öldurófi líkansins í samræmi við nafngildi stærðfræðiformúla. Því eru leyfð 5% skekkju-mörk.

Krafist er að ölduróf hvernar prófunarkeyrslu sé skráð og skjalfest. Hinar skjalfestu mælingar skulu gerðar bæði í grennd við líkanið (ekki þó hléborðsmegin) – sjá mynd a hér á eftir – og einnig nálægt öldugerðarvélinni. Einnig er þess krafist að líkanið sé útbúið þannig að hægt sé að fylgjast með og skrá hreyfingar þess (þegar það veltur, lyftir sér og heggur í ölduna) og horf (slagsíða, djúprista og stafnhalli) meðan á prófuninni stendur.



Öldumælingar nálægt líkaninu skulu annaðhvort fara fram við boga A eða boga B (mynd a).

### Liðir 3.2, 3.3, 3.4.

Efni þessara liða þarf ekki frekari skýringa við.

### Liður 3.5 Líkt eftir tjóni.

Við umfangsmiklar rannsóknir, sem gerðar hafa verið til að þróa viðeigandi viðmiðanir fyrir ný skip, hefur greinilega komið fram að auk þess sem GM og fríborð eru mikilvægar færri-breytur að því er varðar eiginleika farþegaskipa til að þola áraun, er flatarmálið undir boglínunni fyrir afgangsstöðugleika, að horni hámarks GZ, einnig mikilvægur þáttur. Þar af leiðandi skal litið svo á að versta tjón samkvæmt SOLAS-samþykktinni, með það í huga að uppfylla kröfuna í lið 3.5.1, sé það þar sem minnst flatarmál myndast undir boglínunni fyrir afgangsstöðugleika, að hæsta gildi GZ-boglínunnar.

### Liður 4 – Viðmiðanir um það hvernig skipinu reiðir af.

Efni þessara liða þarf ekki frekari skýringa við.

### Liður 5 – Viðurkenningarprófun.

Skýrslunni, sem stjórnvöld fá í hendur, skulu fylgja eftirfarandi gögn:

- útreikningur á lekastöðugleika, að því er varðar versta tjón samkvæmt SOLAS-samþykktinni, og versta tjón í miðju skipi (ef um mun er að ræða),

- b) aðalfyrirkomulagsteikning af líkaninu ásamt nákvæmri lýsingu á byggingu þess og tækjabúnaði,
- c) skýrslur um halla- og veltiprófanir,
- d) útreikningur á veltutíðni skipsins sjálfs og líkansins og
- e) nafnölduróf og mælt ölduróf (bæði nálægt öldugerðarvélinni og líkaninu),
- f) dæmigerð skráning á hreyfingum líkansins, horfi og reki,
- g) viðeigandi myndbandsupptökur.


Athugasemd:

Viðkomandi stjórnvald skal fylgjast með öllum prófunum.


### Myndir

(Leiðbeinandi viðmiðunarreglur fyrir innlend stjórnvöld)

Mynd 1




Mynd 2



1. Ef  $f_r \geq 2,0$  metrar er vatnshæð á þilfari ( $h_w$ ) = 0,0 metrar.
2. Ef  $f_r < 0,3$  metrar er vatnshæð á þilfari ( $h_w$ ) = 0,5 metrar.

Mynd 3




1. Ef  $h_s \geq 4,0$  metrar er vatnshæð á þilfari reiknuð út samkvæmt mynd 3.
2. Ef  $h_s < 1,5$  metrar er vatnshæð á þilfari ( $h_w$ ) = 0,0 metrar.

T.d.:


Ef  $f_r = 1,15$  metrar og  $h_s = 2,75$  metrar er hæðin  $h_w = 0,125$  metrar.

Mynd 4






Mynd 5



Mynd 6



Skip án hengiþilfara fyrir bíla

1. dæmi:

Vatnshæð á þilfari = 0,25 metrar

Lágmarkshæð hindrunar sem krafist er = 2,2 metrar

Skip með hengiþilfar (við hindrunina)

2. dæmi:

Vatnshæð á þilfari ( $h_w$ ) = 0,25 metrar


Lágmarkshæð hindrunar sem krafist er =  $x$

Mynd 7




Lágmarksfríborð sem krafist er fyrir austurop = 1,0 m


Mynd 8



Mynd 9



Þilfarsbrúnnin ekki í kaf



Pilfarsbrúnin í kafi

26. maí 2005

Nr. 552

## AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fenginni tillögu borgarráðs hefur lögreglustjóri ákveðið að tvístefna skuli vera á húsagötu á Kleppsvegi, móts við hús nr. 52-58. Samhliða verður lokað fyrir umferð frá bílastæðum Laugarásbíós til vesturs eftir húsagötunni.

Ákvörðun þessi tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 26. maí 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

1. júní 2005

Nr. 553

## AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi við Sunnuflöt 28 í Garðabæ.

Bæjarstjórn Garðabæjar samþykkti hinn 19. maí sl. breytingu á skipulagsskilmálum varðandi Sunnuflöt 28 í Garðabæ.

Breytingin felst m.a. í að heimilt verður að hafa íbúðarrými á neðri hæð húss.

Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 1. júní 2005.*

**Bergljót S. Einarasdóttir** skipulagsfulltrúi.

## REGLUGERÐ

### um samvinnunefnd um málefni norðurslóða.

#### 1. gr.

Samvinnunefnd um málefni norðurslóða skal stuðla að og efla samstarf um rannsóknir á norðurslóðum og málefni Stofnunar Vilhjálms Stefánssonar skv. lögum um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997.

#### 2. gr.

Umhverfisráðherra skipar samvinnunefndina til fjögurra ára í senn. Í nefndinni eiga sæti 11 fulltrúar. Tveir skulu skipaðir án tilnefningar, bæði formaður og varaformaður.

Eftirtaldar stofnanir tilnefna einn fulltrúa hver:

Hafrannsóknastofnunin,  
Háskólinn á Akureyri,  
Háskóli Íslands,  
Náttúrufræðistofnun Íslands,  
Rannsóknarráð Íslands,  
Rannsóknastofnun landbúnaðarins,  
Stofnun Vilhjálms Stefánssonar,  
Umhverfisstofnun og  
Veðurstofa Íslands.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. laga um Stofnun Vilhjálms Stefánssonar og samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 81/1997, með síðari breytingum og öðlast gildi þegar við birtingu. Frá sama tíma fellur niður reglugerð um samvinnunefnd um málefni norðurslóða, nr. 506/1997, með síðari breytingum.

*Umhverfisráðuneytinu, 31. maí 2005.*

F. h. r.

**Magnús Jóhannesson.**

---

*Sigríður Auður Arnardóttir.*

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Góð-verk, menningar- og mannúðarsjóð.

#### 1. gr.

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Góð-verk. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Kópavogi.

#### 2. gr.

Stofnandi sjóðsins er Rúmfatalagerinn ehf., kt. 440887-1209, Smáratorgi 1, Kópavogi.

## 3. gr.

Stofnfé sjóðsins er samtals kr. 50.000.000 -krónur fimmfíumilljónir-. Þar af er óskerðanlegt stofnfé kr. 621.000 -krónur sexhundraðtuttuguogeyttþúsund-. Stofnendur bera engar fjárhagslegar skuldbindingar vegna sjóðsins umfram stofnframlag sitt.

Tekjur sjóðsins skulu vera framlög utanaðkomandi aðila, hvers konar styrktarfé, gjafir, vaxtatekjur og önnur framlög sem veitt er viðtöku eða aflað.

## 4. gr.

Markmið sjóðsins er að að styðja við kristilegt starf auk æskulýðs-, menningar- og mannúðarmála á Íslandi. Einnig er heimilt að ráðstafa fé sjóðsins í greiðslur vegna aðkeyptrar vinnu og þjónustu í þágu rannsókna í tengslum við framangreindan tilgang.

## 5. gr.

Stjórn sjóðsins skal vera skipuð 3 mönnum, tilnefndum af stjórn Rúmfatalagersins ehf. til tveggja ára í senn. Að Rúmfatalagernum ehf. gengnum taka stofnhluthafar Rúmfatalagersins ehf. við því hlutverki að tilnefna í stjórnina og að þeim látnum skulu þeir sem eftir sitja í stjórn sjóðsins tilnefna nýja stjórnarmenn.

Stjórn sjóðsins við stofnun hans skipa Jákup Jacobsen, kt. 250961-2009, Jákup Napoleon Purkhús, kt. 210854-7389 og Niels Brynjólv Stórá, kt. 211268-2209.

## 6. gr.

Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á fjárvörslu sjóðsins auk þess sem hún tekur allar ákvarðanir um rekstur sjóðsins og hvernig markmiðum hans sé best náð. Í því skyni skal stjórn sjóðsins setja sér sérstakar starfsreglur er kveða nánar á um verkaskiptingu stjórnarmanna og hvernig markmiðum sjóðsins verði best náð.

Stjórnin metur hvort þörf er fyrir ráðningu sérstaks starfsmanns og annast um ráðningu hans ef þörf er á slíkum starfsmanni.

Stjórn sjóðsins skal halda fundargerðabók um það sem gerist á fundum, ályktanir, ákvarðanir og niðurstöður stjórnar. Stjórnunarkostnaður skal allur greiddast af fjármunum sjóðsins.

## 7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera frá 1. janúar til 31. desember. Ársreikningar skulu vera í samræmi við almennar, viðurkenndar reikningsskilavenjur á hverjum tíma og endurskoðaðir af kjörnum skoðunarmönnum eða endurskoðunarfélagi.

Reikningar sjóðsins skulu eigi síðar en 30. júní ár hvert sendir Ríkisendurskoðun, í samræmi við ákvæði 3. gr. laga nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

## 8. gr.

Allar breytingar á skipulagsskrá sjóðsins skulu vera samþykktar af öllum stjórnarmönnum og hljóta staðfestingu dómsmálaráðherra.

## 9. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu allar eigur hans renna að jöfnum hlut til helminga annars vegar til Samband íslenskra kristniboðsfélaga, kt. 550269-4149, og hins vegar til ABC-hjálparstarfs, kt. 690688-1589, en ef framangreind samtök finnast ekki skulu eigur sjóðsins renna til Háskóla Íslands.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi skal staðfest af dómsmálaráðuneytinu samkvæmt lögum nr. 19/1988, um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Framangreint er staðfest af Jákup Jacobsen og Jákúp Purkhús, f.h. stofnanda sjóðsins Góð-verk, í Reykjavík þann 29. apríl 2005.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 31. maí 2005.*

F. h. r.

**Fanney Óskarsdóttir.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*

Nr.	Dagsetning	Fyrirsögn	Blaðsíðutal
537	2. júní	Reglugerð um breytingu á reglugerð um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða nr. 233, 30. mars 1999, með síðari breytingum .....	1176-1177
538	30. maí	Auglýsing um flutningsjöfnunargjald á olfuvörum .....	1177
539	25. maí	Reglur um breytingu á reglum nr. 312/2005, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2005-2006 .....	1178
540	25. maí	Reglur um val nemenda til náms í geislafræði og lífeindafræði við læknadeild Háskóla Íslands .....	1178-1180
541	31. maí	Auglýsing um breytingu á gjaldskrá Orkuveitu Reykjavíkur .....	1180
542	20. maí	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	1180
543	25. maí	Auglýsing um umferð í Mosfellsbæ .....	1181
544	24. maí	Auglýsing um útgáfu starfsleyfa fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun .....	1181
545	25. maí	Auglýsing um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Skaftafells 2, Freysnesi, Öræfum, Sveitarfélaginu Hornafirði ....	1182
546	25. maí	Auglýsing um listabókstafi stjórnmalasamtaka .....	1182
547	27. maí	Reglugerð um togveiðar á kolmunna 2005 .....	1182-1184
548	23. maí	Auglýsing um breytingu á aðalskipulagi Biskupstungnahrepps 2000-2012, Rimi, Bláskógabyggð .....	1184-1185
549	30. maí	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina Reykjavíkurveg 3 í Hafnarfirði .....	1185
550	23. maí	Auglýsing um deiliskipulag í landi Nýjabæjar í Sveitarfélaginu Árborg .....	1185
551	23. maí	Reglugerð um sérkröfur um stöðugleika ekjufarþegaskipa ...	1186-1205
552	26. maí	Auglýsing um umferð í Reykjavík .....	1205
553	1. júní	Auglýsing um breytingu á deiliskipulagi við Sunnuflöt 28 í Garðabæ .....	1205
554	31. maí	Reglugerð um samvinnunefnd um málefni norðurslóða .....	1206
555	31. maí	Skipulagsskrá fyrir Góð-verk, menningar- og mannúðarsjóð	1206-1208



